

**Börn með ADHD:**  
*Mikilvægi samvinnu heimilis og skóla*

Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í þroskaþjálfarafræði  
Leiðsögukenndari: Anna Björk Sverrisdóttir

Íþróttá-, Tímstunda- og Þroskaþjálfadeild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní, 2011

Börn með ADHD: Mikilvægi samvinnu heimilis og skóla

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Íþróttá-,  
Tómstunda og Þroskajálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla  
Íslands.

© 2011 Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, Ísland 2011

## Ágrip

Niðurstöður rannsóknarinnar sem hér verður greint frá eru byggðar á eigindlegri rannsóknaraðferð. Tekin voru viðtöl við tvær mæður drengja sem greindir hafa verið með athyglisbrest og ofvirkni. Einnig við foreldraráðgjafa sem hefur margra ára reynslu í samvinnu við foreldra þessara barna. Viðtölin voru í samtalsformi og stuðst var við opinn spurningarlista. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun foreldra barna með ADHD, af þjónustu sem börn þeirra fá innan skólakerfisins, einnig samvinnu heimilis og skóla. Leitast var við að tengja rannsóknina við mismunandi sjónarhorn fötlunarfræðinnar, lögboðna réttarstöðu barna og foreldra þeirra og hvernig grunnskólinn uppfyllir kröfur löggjafans um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar. Í niðurstöðu rannsóknarinnar kom fram að skólinn var ekki viðbúinn því að mæta þörfum drengjanna, hvorki í námslegu eða félagslegu tilliti. Einnig komu fram miklar brotalamir í samvinnu skólans við heimilið sem grundvallaðist einhliða á forsendum skólans. Skólamenning grunnskólans virðist byggja fyrst og fremst á samstarfi kennara og hinna svokölluðu hefðbundnu nemenda. Einfaldaður menningarheimur sem skapaður er utan um þann nemendahóp torveldar aðgang annarra nemenda að honum.

## **Formáli**

Þetta verkefni er 10 eininga BA-ritgerð í þroskaþjálfrafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Ritgerðin var unnin undir leiðsögn Önnu Bjarkar Sverrisdóttur og kann ég henni bestu þakkir fyrir góðan stuðning, leiðsögn og þolinmæði. Verkefnið var lærdómríkt og gott veganesti inn í framtíðina. Viðmælendum mínum á ég mikið að þakka fyrir að gefa mér tíma og hlutdeild í sinni reynslu. Mín von er að sá fróðleikur sem þeir veittu mér komist til skila og komi öðrum börnum og fjölskyldum þeirra til góða. Ég vil nota tækifærið og koma á framfæri þakklæti til þeirra sem studdu mig og hvöttu við verkefnið. Móður minni Helgu Birnu Gunnarsdóttur fyrir ómældan stuðning og óþrjótandi uppbyggilegar umræður um verkefnið. Systur minni Helgu Björgu Axelsdóttur, mágkonu minni Kristínu Elfu Ragnarsdóttur og Guðnýju Stefánsdóttur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar. Síðast enn ekki síst, kærar þakkir til Þrastar og dætra minna fyrir ómælda þolinmæði.

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	<b>1</b>
<b>Ágrip</b> .....	<b>3</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>1 Umfjöllun um ADHD</b> .....	<b>8</b>
<b>1.1 Orsakir ADHD</b> .....	<b>8</b>
<b>1.2 Birtingarform ADHD</b> .....	<b>10</b>
1.2.1 Styrkleikar barna með ADHD .....	11
<b>1.3. Mismunandi sjónarhorn á fötlun</b> .....	<b>11</b>
<b>1.4 Samantekt</b> .....	<b>13</b>
<b>2 Skólinn</b> .....	<b>15</b>
<b>2.1 Börn með ADHD og skólaumhverfið</b> .....	<b>15</b>
<b>2.2 Einstaklingsmiðað nám</b> .....	<b>15</b>
2.2.1 Framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms .....	17
<b>2.3 Samvinna heimilis og skóla</b> .....	<b>18</b>
<b>2.4 Samantekt</b> .....	<b>21</b>
<b>3. Rannsóknin</b> .....	<b>22</b>
<b>3.1 Aðferð</b> .....	<b>22</b>
<b>3.2 Framkvæmd rannsókna</b> .....	<b>23</b>
<b>4 Niðurstöður og umræður</b> .....	<b>25</b>
<b>4.1 Leikskólaganga</b> .....	<b>25</b>
<b>4.2 Upphaf grunnskólagöngu</b> .....	<b>27</b>
<b>4.3 Stuðningur við börn með ADHD og foreldra þeirra</b> .....	<b>29</b>
<b>4.4 Samvinna</b> .....	<b>31</b>
<b>4.5 Sérdeild</b> .....	<b>37</b>
<b>4.6. Staðan í dag</b> .....	<b>41</b>
<b>4.7 Samantekt</b> .....	<b>43</b>
<b>5 Lokaorð og lærdómar</b> .....	<b>44</b>

## Inngangur

Þessi ritgerð fjallar um stöðu grunnskólabarna með ADHD í íslensku grunnskólakerfi og hvernig námsþörfum og líðan þeirra er svarað. Ennfremur er henni ætlað að varpa ljósi á samstarf og samskipti foreldra þessara barna við grunnskólann svo og rétt foreldra til afskipta af börnum sínum í skólakerfinu. Lagalegur réttur allra grunnskólabarna til að sækja nám í almennum grunnskóla án aðgreiningar er skýr. Rannsóknir hafa þó leitt í ljós að á þessu vill verða misbrestur og að breyta þurfi skólakerfinu eigi það geta mætt námsþörfum allra nemenda. Til þess að ná því markmiði þarf meðal annars að bæta aðgengi nemenda að skólabyggingum, námskrá, félagslegum samskiptum og kennsluaðferðum (Gretar L. Marinósson, Ingibjörg H. Harðardóttir og Ingibjörg Kaldalóns, 2007). Það virðist því ljóst að skólakerfið miði að þörfum afmarkaðs hóps skólabarna sem jafnframt falla að stöðluðu fyrirkomulagi skólakerfisins. Vandí barna sem greind eru með ADHD liggur í því að þau skera sig frá þessum nemendahópi, skólinn gerir ekki ráð fyrir birtingarformi þeirra hvað varðar hegðun eða námsaðferðir sem þeim hentar. Skólinn virðist horfa framhjá félagslegum hindrunum kerfisins og líta á frávík barnanna sem einstaklingsbundna skerðingu þeirra. ADHD samtökin, sem eru stuðningssamtök fólks með ADHD, leggja sérstaka áherslu á mikilvægi samstarfs heimilis og skóla, að upplýsingar séu skilvirkar á báða bóga svo hægt sé að skipuleggja skólastarf í þágu barnanna. Þau benda á að enginn sé eins áhrifamikill í lífi barns og foreldrar þess, þeir eru tilfinningalega tengdir barni sínu, bera ábyrgð á því og verða áhyggjufullir ef því gengur ekki vel og líður illa. Í gegnum tíðina hefur oft reynst erfitt að samhæfa væntingar og áherslur skóla og foreldra (Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Mel West, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigurþórsson, 1999).

Ástæðan fyrir efnisvali þessarar ritgerðar á ekki síst rætur í þroskaþjálfrafræðunum er endurspeglar margbreytileika mannfólksins, sem virðist oft vera falinn í stöðluðum leikreglum og einfaldaðri sýn á mannlífið. Sjónarhorn fræðanna hafa skerpt skilning minn á þeirri reynslu sem ég hef af grunnskólakerfinu, og vakið áhuga minn á að skoða það með nýfenginni þekkingu.

Einnig hef ég unnið verkefnið í þeirri von að geta lagt mitt af mörkum til að gera stöðu barna með ADHD og foreldra þeirra sýnilega öðrum. Ég er móðir stúlku með ADHD og

hef gengið í gegnum skólagöngu með henni; sú reynsla var einnig hvati að þessu verkefni. Í náminu staðsetti ég mig á barna- og unglingsviði vegna áhuga fyrir starfi með börnum og til að auðvelda mér að takast á við störf innan skólakerfisins með hugmyndafræði þroskaþjálfara að leiðarljósi.

Rannsóknin var byggð á eigindlegri rannsóknaraðferð. Ég notaði markmiðsúrtak í vali mínu á viðmælendum í þeim tilgangi að fá sem bestar upplýsingar sem gætu aukið skilning minn á viðfangsefninu. Tekin voru viðtöl við tvær mæður drengja með greiningu ADHD á ellefta aldursári. Ég þekkti til mæðranna og treysti þeim til að gefa mér trúverðugar upplýsingar. Þriðji viðmælandi minn var foreldraráðgjafi sem er menntaður þroskaþjálfari og á að baki margra ára reynslu í samvinnu við foreldra barna með ADHD. Viðtölin voru í samtalsformi, þau voru hljóðrituð og stuðst var við opinn spurningarlista.

Tilgangur verkefnisins er að gefa viðmælendum tækifæri til að segja frá reynslu sinni af samskiptum þeirra við skólakerfið og lýsa upplifun foreldra barna með ADHD á þeirri þjónustu sem börn þeirra fá innan skólakerfisins svo og samvinnu þeirra við skólakerfið. Einnig vildi ég efla þroska minn og skilning á aðstæðum og þjónustu við börn í grunnskólakerfinu og samvinnu við foreldra þeirra sem getur orðið mér dýrmætt veganesti sem verðandi þroskaþjálfari.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á það hvernig skólakerfið bregst við nemendum með ADHD og hvernig samvinnu er háttáð milli foreldra og skóla.

Rannsóknarspurningarnar sem leitast er við að svara eru:

Hvernig upplifa foreldrar barna með ADHD samvinnu heimilis og skóla?

Hvernig upplifa foreldrar barna með ADHD þjónustu við börn sín innan skólakerfisins?

Ritgerðin skiptist í fjóra meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um orsakir og birtingarform ADHD og mismunandi sjónarhorn á fötlun. Annar kafla er um grunnskólann, mikilvægi einstaklingsmiðaðs náms og samvinnu heimilis og skóla. Þriðji kafla fjallar um aðferð og framkvæmd rannsóknarinnar og í fjórða kafla eru niðurstöður kynntar og umræðum fléttað inn í.

# 1 Umfjöllun um ADHD

„Í mínu ungdæmi var þetta nú bara kallað óþekkt.“ Þetta fá foreldrar barna með ADHD (athyglisbrest með ofvirkni) oft að heyra. Það ætti kannski ekki að koma á óvart þar sem einkenni ADHD svipar að hluta til venjulegrar óþekktar (Matthías Halldórsson, 2006). Fullorðið fólk hefur á öllum tímum gefið lýsingu á börnum sem hegða sér öðruvísi en þeim er þóknanlegt og lýsa jafnframt mismunandi afstöðu til barna. Þau eru sögð óþekk, óstýrilát, taugaveikluð, félagslega og tilfinningalega sködduð með hegðunarvandamál og fleira í þeim dúr. Hugtökin vísa til barnsins og það stimplað án þess að þeim fylgi sérstök skýring (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007).

Í þessum kafla verður fjallað um ADHD, orsakir röskunarinnar og birtingarform. Börn með ADHD hafa átt undir högg að sækja í skólakerfinu og umræðan oftast en ekki neikvæð í kringum skólagöngu þeirra; því verður einnig lögð áhersla á að draga fram styrkleika í fari barna með ADHD. Einnig verður fjallað um ólíkan skilning á fötlun.

## 1.1 Orsakir ADHD

Athyglisbrestur með ofvirkni eða ADHD er skammstöfun á alþjóðaheitinu *Attention Deficit Hyperactivity Disorder* og kemur fram sem einbeitingaerfiðleikar, ofvirkni og hvatvísi. ADHD er ein algengasta hegðunarröskun barna og unglunga og kemur oft í veg fyrir að þau njóti hæfileika sinna og veldur þeim og umhverfinu erfiðleikum. Orsökina er röskun í taugaproska og koma einkennin oft snemma fram hjá barninu. Algengast er að einkennin komi fram fyrir fimm ára aldur og haldast oft fram á fullorðinsár, þá aðallega sem einbeitingaerfiðleikar (Gísli Baldursson, H. Magnús Haraldsson, Matthías Halldórsson og Páll Magnússon, 2007).

Rannsóknir benda til þess að orsakir ADHD eigi rætur að rekja til taugalífeðlisfræðilegs sjúkdóms í heila. Sterkar vísbendingar eru um að erfðir og umhverfisþættir séu orsakavaldar. Sameindarerfðafræðirannsóknir sýna enn fremur breytileika í genum sem tengjast flutningi eða bindingu taugaboðefnisins dópamín. Rannsóknir sýna einnig að það er fylgni á milli áfalla á meðgöngu og einnig við sjúkdóma og slys í bernsku. Lyfjameðferð hefur verið beitt fyrir þessi börn og í ríkari mæli á Íslandi en í flestum öðrum ríkjum í Evrópu. Þessi lyfjameðferð er umdeild þar sem lyfin virka á miðtaugakerfið. Ekki eru til nein líffræðileg eða lífeðlisfræðileg próf



í klínískri læknisfræði sem greina ADHD og byggist greiningin á einkennum sem lýsa hegðun. Hér á landi hefur greining á börnum og unglingum með ADHD aðallega verið gerð af barna- og unglingageðlæknum, barnalæknum og sálfræðingum. Talið er að tíðni ADHD meðal barna og unglunga sé 5–10% og þá tveir drengir á móti einni stúlku. Oft fer að draga úr ofvirkniröskun með aldrinum en síður úr athyglisbrestinum, en ekki í meira mæli en svo að hamlandi einkenni greinast hjá 70–80% þessara ungmenna sem þá samræmast ekki aldri aldur þeirra og þroska (Gísli Baldursson, o.fl., 2007).

Hegðunareinkennin athyglisbrestur ofvirkni/hvatvísi eru lögð til grundvallar greiningu á börnum með ADHD. Athugun þarf að byggjast á upplýsingum frá þeim sem þekkja börnin vel við mismunandi aðstæður, svo sem foreldrum og kennurum þeirra. Einnig getur þurft að gera beina athugun á barni með viðtölum og prófum. Þá er sérstaklega mælt með stöðluðum greiningarviðtölum, sem byggja annarsvegar á svarendaviðmiðuðum og hinsvegar spyrjendaviðmiðuðum viðtölum. Í svarendaviðmiðuðum viðtölum, lesa spyrjendur viðtala upp orðréttar spurningar og svarendur velja svörin eftir fáum svarmöguleikum. Kostur við þessi viðtöl er talinn vera sá að þau auðvelda þjálfun fólks sem hefur litla faglega þekkingu til að sinna starfi spyrjenda. Það er þó talin ástæða til að leggja áherslu á að reyndur fagmaður leggi mat á niðurstöður út frá eigin klínísku mati og öðrum fyrirliggjandi gögnum um málið. Í spyrjendaviðmiðuðum viðtölum ráða spyrjendur hinsvegar að mestu hvernig þeir orða spurningarnar og spyrja í þaula þar til þeir treysta sér til að meta upplýsingarnar út frá matskerfi viðtalsins. Slík viðtöl gera því miklar kröfur til reynslu og klínískrar þekkingar spyrjenda (Gísli Baldurson o.fl., 2007).

Í rannsókn Jónínu Sæmundsdóttur (2003) sem beindist að líðan foreldra barna með ofvirkni kom fram að greining á barni þeirra hafði góð áhrif á líðan foreldranna. Þeir töldu að niðurstöður greiningar byði upp á markvissari vinnu með barninu í framhaldi af greiningunni og auðveldaði samvinnu við leik- og grunnskóla barnanna. Þær drægju úr sektarkennd foreldranna sem oft hafi tilhneigingu til að kenna sér og slæmu uppeldi sínu um vanda barnanna. Greiningin beinist hinsvegar að barninu sjálfu og dregur úr vantrú foreldra á sjálfum sér, sjálfsásökunum og sektarkennd (Jónína Sæmundsdóttir, 2003). Í flestum rannsóknum sem beinast að fötluðum börnum er einblínt á skerðingu þeirra og litið svo á að þau séu varnarlaus og öðrum háð, byrði á fjölskyldum sínum og samfélagi. Rannsóknirnar endurspeglu einhliða skilning á lífi

þeirra og aðstæðum. Þær draga sjaldnast fram fjölbreytileika barnanna og sjálfskilning eða veita innsýn í daglegt líf þeirra. Raddir fatlaðra barna, reynsla þeirra og sjónarhorn hefur verið sniðgengið. Rannsakendur/fræðimenn hafa beitt sjónarhorni fullorðins fólks, aðallega foreldra og fagfólks (Rannveig Traustadóttir, 2007).

## **1.2 Birtingarform ADHD**

ADHD er oftast skipt í tvo undirflokkka, athyglisbrest og ofvirkni/hvatvísi. Börn með athyglisbrest eiga í erfiðleikum með einbeitingu, þau truflast auðveldlega af áreiti frá umhverfinu, eiga erfitt með að fylgja fyrirmælum og virðast ekki alltaf hlusta þegar talað er til þeirra. Tímaskyni þeirra er mjög ábótavant og þau eiga í erfiðleikum með að meta þann tíma sem fer í að vinna verkefni. Einbeiting við lestur er slök, þau missa oft þráðinn sérstaklega ef efnið höfðar ekki til þeirra, afköst í skriflegum verkefnum eru lítil, þau eiga í erfiðleikum með að hefjast handa við verkefni og ljúka þeim. Frammistaða þeirra er þó ekki alltaf sú sama, þau geta stundum leyst verkefni einn daginn en ekki þann næsta (Rief, 2003).

Einkenni ofvirkni birtast aðallega í því að börnin eru stöðugt á ferðinni, eru eins og þeytisþjöld, hafa mikla orku og hreyfingar oft ómarkvissar eða tilgangslausar. Þau eiga erfitt með kyrrsetu og vafra um kennslustofuna, þeim liggur oft hátt rómur og gefa frá sér sérkennileg hljóð. Hvatvísi lýsir sér meðal annars í því að barnið hefur litla biðlund, það grípur fram í og ryðst inn í leiki og samræður annarra. Þau virðast ekki sjá fyrir endann á gerðum sínum eða afleiðingar gerða sinna en kunna samt reglur og skilja afleiðingar. Þau eiga oft erfitt með að stoppa sig af, að hugsa áður en þau framkvæma og sýna því oft áhættu hegðun. Þau eiga það til að segja allt það sem kemur upp í hugann og koma með óviðeigandi athugasemdir, sem veldur því að þau fá neikvæða athygli hjá öðrum börnum og fullorðnu fólki sem getur leitt til félagslegrar einangrunar og slakrar sjálfsmýndar (Rief, 2003).

ADHD fylgja oft aðrar raskanir. Sem dæmi má nefna að 30–50% þessara barna greinast með hegðunarröskun, 10–30% með þráhyggju eða áráttaueinkenni og 25% eru kvíðin. Ákveðinn hópur þessara barna er með sértæka námsörðugleika, þjást vegna þunglyndis og brotinnar sjálfsmýndar (Matthías Kristiansen og Málfríður Lorange, 1998).

### 1.2.1 Styrkleikar barna með ADHD

Mörg börn með ADHD hafa ríkt hugmyndaflug. Þau geta verið sjálfstæð í afstöðu sinni og vinnubrögðum, oft umfram jafnaldra sína. Mörg þeirra eru rökföst og úrvinnsla þeirra hröð. Þau eru yfirleitt meðvituð um vanda sinn, geta lýst honum af innsæi og gefið ráð um samvinnu við sig. Börn með ADHD sökkva sér oft í ákveðin verkefni, geta haft ofureinbeitingu á því sem vekur áhuga þeirra svo sem tölvuvinnu (Ragna Freyja Karlsdóttir, 2001). Mörg börn með ADHD hafa einnig ríka sköpunargáfu, orku og innsæi sem hjálpar þeim að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd (Hono-Webb, 2005).

Góð sjálfmynd er forsenda velgengni og því mjög mikilvægt að koma í veg fyrir að börn bíði stöðuga ósigra í daglegu lífi sínu. Þau læra ekki af neikvæðu viðmóti eða skömmum heldur leiðir það frekar til brotinnar sjálfsmyndar, kvíða og depurðar. Fremur á að leita eftir og leiða í ljós sterkar hliðar hjá barninu en ekki einblína á veikleika þess. Mikilvægt er að þjálfa sérstaklega félagsfærni barnanna og aðstoða þau í samskiptum við aðra, börn og fullorðið fólk, svo að þau lendi ekki utangarðs í félagslegu tilliti (ADHD Samtökin, 2010).

### 1.3. Mismunandi sjónarhorn á fötlun

Í gegnum tíðina virðist skólinn hafa lagt áherslu á það sem þarf að laga hjá nemendum fremur en að skoða þær hindranir í umhverfinu sem takmarka aðgengi þeirra að skólastarfinu og möguleika þeirra til að tileinka sér námið í skólanum. Hér á eftir verður í örstuttu máli gerð grein fyrir þremur mismunandi sjónarhornum á fötlun út frá fötlunarfræðinni. Fyrst verður gerð grein fyrir hefðbundinni nálgun sem er læknisfræðilegt sjónarhorn en það hefur lengst af verið ráðandi sjónarhorn á fötlun og mótað skilning fólks á henni. Einnig verður fjallað um breska félagslega líkanið sem vakið hefur mikla athygli og gengur þvert á hefðbundinn skilning læknisfræðilega sjónarhornsins og að síðustu verður vikið að því sem nefnt hefur verið norræni tengslaskilningurinn.

Hin hefðbundna læknisfræðilega sýn á fatlanir er rakin til læknávisindanna og hefur verið ríkjandi í vestrænum heimi mestan hluta 20. aldar og náð að skjóta rótum innan annarra fræðigreina svo sem félagsvísinda og menntunarfræða. Fræðileg nálgun hennar felst í því að greina andlegar og líkamlegar skerðingar fólks. Skerðingin er talin ástæða erfðleika einstaklingsins og persónulegur harmleikur sem felur í sér að

fatlað fólk sé öðrum háð. Ekkert er hugað að aðstæðum eða umhverfi viðkomandi heldur er leitað lausna í lækningu, kennslu, umönnun og endurhæfingu. Læknisfræðilega nálgunin hefur haft afgerandi áhrif á það viðhorf sem ríkt hefur hjá almenningi til barna og fullorðins fólks sem greint hefur verið með fatlanir (Rannveig Traustadóttir, 2006)

Breska félagslega líkanið leggur allt annan og öndverðan skilning í orsakir fatlana. Það beinir sjónum að samfélaginu og umhverfinu og skilgreinir fatlanir út frá því. Félaglega líkanið lítur svo á að takmarkaðir möguleikar fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu og daglegu lífi sé að finna í félagslegum hindrunum sem gerðar eru af hinum ófatlaða meirihluta. Félagslegar hindranir leiði til misréttis, útilokunar og undirokunar. Þessi nýi skilningur á fatlanir er frelsandi fyrir fatlað fólk þar sem hann beinir sjónum frá þeirri sýn að vandann sé að finna eingöngu hjá manneskjunni sjálfri og takmörkunum hennar (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Norræna tengslaskilninginn má rekja til þróunar í málefnum fatlaðra á Norðurlöndum á sjötta áratug síðustu aldar. Þær breytingar sem þá áttu sér stað voru til komnar vegna andstöðu við ríkjandi hugmyndir og fyrirkomulag þjónustu við fatlað fólk sem einkenndist af aðgreiningu frá samfélaginu og einangrun á altækum stofnunum. Læknis- og líffræðileg sjónarmið voru ráðandi en urðu nú að víkja fyrir félagsvísindum sem vörpuðu ljósi á áhrif ytri skilyrða á mótun manneskjunnar (Margrét Margeirsdóttir, 2001). Breska félagslega líkanið vakti spurningar norrænna fræðimanna um hvort finna mætti sambærilegan skilning á fötlun á Norðurlöndum og þá með hvaða hætti. Á Norðurlöndum hafa þrjú megin sjónarmið verið lögð til grundvallar skilgreiningu á fötlun. Í fyrsta lagi að fötlunin skapast af því misræmi sem myndast milli einstaklingsins og þess umhverfis sem hann þarf að athafna sig í. Umhverfið tekur ekki tillit til mannlegs margbreytileika, gerir ekki ráð fyrir því að færni einstaklinga sé mismunandi og fellur ekki alltaf að þeirri reglu um færni sem almennt er gert ráð fyrir. Þetta misræmi ákvarðar skilgreiningu á því hverjir eru fatlaðir og hverjir ekki (Rannveig Traustadóttir, 2006). Í öðru lagi er fötlun aðstæðubundin, aðstæður hafa áhrif á það hvort tiltekin skerðing leiðir til fötlunar eða ekki. Fötlunin er því ekki alltaf sú sama heldur bundin aðstæðum hverju sinni. Nemandi með lesblindu getur farið í gegnum mikla erfiðleika í skóla en spjarað sig vel á öðrum vettvangi. Margir kannast við að hafa lent í aðstæðum sem þeir ráða ekki við, til dæmis að standa frammi fyrir tjáningarerfiðleikum á fjarlægum slóðum

(Rannveig Traustadóttir, 2006). Í þriðja lagi er sjálf fötlunin afstæð, ekki aðeins vegna misræmis einstaklings og umhverfis eða aðstæðubundinna erfiðleika heldur einnig af því að ákvörðun um það hvenær líffræðileg eða andleg einkenni telst fötlun er félagsleg ákvörðun og oft háð tilviljun hvar mörkin eru dregin. Mörkin geta verið misjöfn frá einu samfélagi til annars (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Rannsóknir og hugtök tengd æviskeiði manneskjunnar hafa í seinni tíð haft áhrif á skilning á félagslegum þáttum í nútímanum. Það er tiltölulega nýtt að tengja lífshlaup manneskjunnar við aukinn skilning á lífi fatlaðs fólks. Áður hafa hefðbundnar nálganir verið notaðar sem byggjast á hugtökum er tengjast eðlilegri þróun lífsins, skipulögð og ákveðin af félagslegum stofnunum samfélagsins. Skilningur á barnæskunni er undir sterkum áhrifum frá kenningum þroskasálfræðinnar sem ganga út frá því að þroskaferillinn felist í röð mælanlegra stiga frá barnæsku til fullorðinsára. Þessi skilningur hefur haft í för með sér ófrávíkjanlegan skilning á því hvaða merkingu það hafi að vera „eðlilegt“ barn. Jafnframt hafa þessar kenningar ákvarðað mörk frávíka frá eðlilegu viðmiði og grundvallað skilning á því hvað sé óeðlilegt miðað við eðlilegan þroskaferil. Þessi orðræða hefur haft djúpstæð áhrif á líf barna sem eru skilgreind með fatlanir og varpa ljósi á það af hverju þau eru talin vera vandamál í nútímasamfélagi (Rannveig Traustadóttir, 2007). Í rannsókninni „Líf fatlaðra barna og ungmenna“ er stuðst við fötlunarfræði. Hún hafnar einhliða læknisfræðilega skilningnum á því viðhorfi að fötlun sé persónubundin. Athyglinni er beint að umhverfinu og félagslegum þáttum þess, hindrunum og fordómum sem valda börnum og ungmennum erfiðleikum og jafnvel útskúfun (Rannveig Traustadóttir, 2007).

#### **1.4 Samantekt**

Margar rannsóknir sem beinast að fötluðum börnum virðast einblína á skerðingu þeirra fremur en að draga fram fjölbreytileika barnanna. Raddir fatlaðra barna hafa verið sniðgengnar og hafa rannsakendur einkum einblínt á sjónarhorn fullorðinna, aðallega foreldra og fagfólks. Foreldrar barna með ADHD upplifa oft þá tilfinningu að um uppeldislegt vandamál sé að ræða og kljást við skömm og sektarkennd.

Börn með ADHD geta átt í hinum ýmsu erfiðleikum sem ekki eru eins áberandi hjá öðrum börnum svo sem óþolinmæði og skorti á einbeitingu. Þau búa einnig yfir mörgum kostum sem vert er að hafa í huga þegar unnið er með þeim svo sem

ofureinbeitingu á verkefni sem vekja áhuga þeirra, og þau njóta sín í verk- og listsköpun svo fátt eitt sé nefnt.

Forsenda fyrir velgengi er góð sjálfsmynd. Því skal leggja áherslu á styrkleika barnanna fremur en veikleika, svo að þau bíði ekki ósigra í sínu daglega lífi. Það virðist gera börnum með ADHD óhægt um vik að innan skólans er einkum lögð áhersla á það sem þarf að laga hjá nemendum fremur en að skoða þær hindranir sem eru í umhverfinu og geta takmarkað aðgengi barna að skólastarfinu.

Eins og að framan greinir eru þrjú megin sjónarhorn á fötlun. Það er læknisfræðilega sjónarhornið sem greinir andlegar og líkamlegar skerðingar og telur þær einhliða vera ástæður erfiðleika fatlaðs fólks. Breska félagslega líkanið sem skilgreinir fatlanir út frá hindrunum í umhverfinu og samfélaginu í heild. Norræni tengslaskilningurinn sem leggur þrjú megin sjónarmið til grundvallar á skilgreiningar á fötlun. Í fyrsta lagi misræmi milli einstaklingsins og umhverfisins sem hann þarf að athafna sig í, öðru lagi að aðstæður hafi áhrif á það hvort skerðing leiði til fötlunar og í þriðja lagi að fötlunin sjálf er afstæð. Þroskasálfræðin gengur síðan út frá því að þroskaferillinn felist í röð mælanlegra stiga frá barnæsku til fullorðinsára. Hún hefur leitt af sér ósveigjanlegan skilning á því hvað telst vera „eðlilegt barn“ sökum þess að kenningarnar ákvarða jafnframt mörk frávika frá eðlilegu þroskaviðmiði og grundvalla þannig skilning á því hvað sé eðlilegt þroskaferli. Greining á börnum með ADHD skoðar frávík í hegðun barna í því augnamiði að takast á við skerðingu.

## 2 Skólinn

Í þessum kafla verður fjallað um skólagöngu barna með ADHD og samstarf heimilis og skóla. Hvaða áhrif grunnskólaganga getur haft á líðan barna með ADHD og hvernig skólinn getur komið til móts við námsþarfir þeirra. Einnig verður fjallað um lögboðinn rétt þeirra í skólakerfinu og gildi einstaklingsmiðaðs náms fyrir námsframvindu og sjálfsmynd. Að lokum verður fjallað um áhrif og mikilvægi samstarfs við foreldra og hvaða þýðingu það hefur fyrir börn með ADHD og foreldra þeirra.

### 2.1 Börn með ADHD og skólaumhverfið

ADHD fylgir barni frá unga aldri. Á leikskólaaldri kemur oft fram eirðarleysi og börnin eiga erfitt með að stjórna sér, sérstaklega við erfiðar aðstæður, t.d. í fjölmenni. Við upphaf skólagöngu koma einkennin skýrar í ljós vegna aukinna krafna um einbeitingu, skipulega vinnu og krafna um að fylgja ákveðinni tímaáætlun (Ragna Freyja Karlsdóttir, 2001). Það er því mjög mikilvægt að skólinn hafi skilning og þekkingu á birtingarformi ADHD. Eins og að framan greinir þá birtast einkenni ADHD sem óþekkt í börnum að mati sumra og hætta er á að þeim verði mætt sem slíkum, þau fái neikvæð viðbrögð í stað þess að þeim séu fundin viðeigandi verkefni. Reynslan sýnir að börn með ADHD geta sýnt góða einbeitingu og færni í verkefnum ef þau höfðu sérstaklega til þeirra (ADHD samtökin). Það er því mikilvægt að þeir sem koma að vinnu með barninu hafi tök á að greina styrkleikaþætti og áhugasvið þeirra og vinna út frá þeim. Gott er að þeir séu frjóir í starfi sínu, sjái möguleika út fyrir almenna námskrá grunnskólans og einblíni ekki á barnið í skólastofunni heldur hafi heilðræna sýn á möguleika þess og líðan (Armstrong, 2001). Í skýrslu nefndar félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem gefin var út 2008 um úrbætur í þjónustu við börn og unglunga með ADHD, kemur fram að skólaumhverfið fullnægi ekki þörfum barna með ADHD. Talið er að bekkjardeildir séu of fjölmennar, þekkingu kennara sé ábótavant og fram kemur ábending um að efla þurfi nám kennara sem leggur áherslu á þekkingu þar að lútandi (Félags- og tryggingamálaráðuneyti, 2008).

### 2.2 Einstaklingsmiðað nám

Samkvæmt lögum um grunnskóla (2008) eiga öll börn rétt á námi við hæfi í sínum heimaskóla, grunnskóla án aðgreiningar. Í markmiðsgrein laganna 2. gr. segir að hlutverk hans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda í samvinnu við heimili

þeirra og í samráði við börnin, að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda. Reglugerð um nemendur með sérþarfir nr. 585/2010 1. gr. undirstrikar rétt nemenda til náms á eigin forsendum. Þar kemur fram að skólanum ber að haga störfum sínum í fyllsta samræmi við eðli og þarfir nemandans í almennum grunnskóla og heimaskóla nemandans. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar ber skólanum að skapa námsumhverfi við hæfi hvers nemanda. Í 7. gr. kemur hinsvegar fram að forráðamenn nemandans og fagfólk skólans þurfa að vera sammála um þörf fyrir sérkennslu og réttur til hennar grundvallast á samþykki beggja aðila (Reglugerð um sérþarfir nr. 585/2010).

Mikilvægi einstaklingsmiðaðs náms á ekki síst við þegar stuðlað er að því að uppfylla rétt allra skólabarna til að ganga í heimaskóla eða skóla án aðgreiningar. Sá réttur var einnig staðfestur með viljayfirlýsingu Menningamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna 1993 og í Salamanca-yfirlýsingunni sem samþykkt var á Spáni árið 1994. Það er litið á það sem sjálfsögð mannréttindi að öllum grunnskólabörnum sé tryggt nám við hæfi innan skólakerfisins. Sjá þarf til þess að námsaðferðir og önnur aðstaða sé fyrir hendi fyrir mismunandi þarfir nemenda og að framkvæmdin öll sé með þeim hætti að hún verði til raunverulegra hagsbóta fyrir nemendur. Það kallar á viðeigandi ráðstafanir svo sem faglega þekkingu á einstaklingsmiðaðri kennslu, viðeigandi hjálpartæki þurfa að vera til staðar svo og annað sem þarf til að mæta mismunandi þörfum nemenda. Viðfangsefni þurfa að vera við hæfi bæði í bóklegum og verklegum greinum (Elín G. Ólafsdóttir, 2004). Í bókinni *Tálmar og tækifæri* (Gretar L. Marinósson, 2007) er vitnað í skilgreiningu Dianne Ferguson á menntun án aðgreiningar sem markar lýðræðislega þátttöku allra nemenda:

... ferli sem fléttar saman endurskoðun á almennu skólastarfi og sérkennslu svo að til verði samþætt opinbert menntakerfi þar sem öll börn og unglingar eru virkir þátttakendur í samfélagi skólans, þar sem fjölbreytni er talið vera norm og þar sem menntun hvers nemanda er gæðamenntun vegna þess að kennslan er skilvirk og námskráin merkingabær og stuðningur er í boði eftir þörfum hvers og eins (Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson, 2007, bls. 56).

Eins og áður hefur komið fram endurspeglar lög um grunnskóla og reglugerð um sérkennslu hugmyndafræði um jafnan rétt til náms, sniðið að einstaklingsbundnum þörfum nemenda (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2008).



Einstaklingsnámskrár eru oft gerðar fyrir nemendur með sérþarfir sem falla ekki að almennri námskrá grunnskóla. Einstaklingsnámskrá er byggð á nákvæmum upplýsingum um námsfærni og áhugasvið nemandans og þá þjónustu í námi sem honum er nauðsynleg. Kennarar geta aflað sér upplýsinga hjá sérfræðiaðilum, foreldrum og nemendum. Á grundvelli þeirra upplýsinga gera kennarar einstaklingsnámskrá, þar sem fram kemur rökstudd staða nemandans, námsmarkmið til skemmri og lengri tíma, framkvæmd sem miðast að námsstíl hans og aðferðir sem henta honum. Það getur verið margt sem laga þarf að þörfum nemandans í verkefnavali, vinnubrögðum, vali á námsgögnum, t.d. tölvunotkun, og huga þarf að námsaðstæðum. Þeir fjölbreyttu möguleikar sem fyrir hendi eru markast þó oft af þeirri hæfni sem kennarinn hefur til að takast á við mismunandi þarfir nemenda (Hafdís Guðjónsdóttir, 2008).

### **2.2.1 Framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms**

Einstaklingsmiðað nám tekur mið af einstaklingsbundnum þörfum í stað bekkjarheildarinnar. Nemendur geta verið að fást við mismunandi verkefni á sama tíma, ýmist í bekkjardeild eða út af fyrir sig (Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns, 2006). Í gegn um tíðina hefur verið tilhneiging til að vísa vanda skólakerfisins einhliða á nemendur, að þeir séu ekki nægilega greindir og sumir „ekki nógu vel af Guði gerðir“ eins og segir í grein eftir Hafþór Guðjónsson (2005). Þar kemur fram að hann telji ýmislegt benda til þess að þessi viðhorf séu að víkja fyrir gagnrýninni umræðu um skipulag skólastarfs, kennarar velti fyrir sér víðari sýn á starfshætti sína, staðlað námsfyrirkomulag og umhverfi. Einnig veltir hann þeim spurningum upp hvort skólinn mæti mismunandi hæfileikum til náms og möguleikum þeirra til að blómstra á eigin forsendum eða hvort staðlað fyrirkomulag skólakerfisins sníði þeim stakk.

Í ályktun rannsóknar, sem gerð var árið 2007 á vegum Landssamtakanna Þroskahjálpar um stöðu barna með þroskahömlun í grunnskólakerfinu, kom fram að ýmsu sé ábótavant og að gera þurfi átak í skólakerfinu eigi börn með þroskahömlun að njóta skólagöngu á jafnréttisgrundvelli. Tryggja þurfi nemendum aðgang að skólabyggingum, námskrám, félagslegum samskiptum og að þróa þurfi kennsluáferðir að þörfum þessara barna. Sú ályktun er einnig dregin að þær úrbætur í menntun sem gera þurfi fyrir nemendur með þroskahömlun í skólakerfinu séu þess

eðlis að þær komi til með að nýtast öllum nemendum ef úr rætist (Gretar L. Marinósson, Ingibjörg H. Harðardóttir og Ingibjörg Kaldalóns, 2007).

Börn með ADHD eru líklegri til þess að bíða lægri hlut á prófum, staðna í námi og líklegri en aðrir nemendur til að hverfa frá námi á unglingsárum (McKinley og Stormont, 2008). Það er augljóst að laga þarf námsefnið að þörfum þeirra, nota efnivið sem nýtist hverjum og einum og breyta fyrirkomulagi skólaumhverfisins. Þótt líffræðilegir þættir geti haft áhrif á nám og hegðun barna með ADHD þá getur námsumhverfið einnig haft þar veruleg áhrif. Kennarar þurfa að leggja sérstakar áherslur á að laga umhverfið að þörfum þeirra (Kauffman, 2001). Umhverfi skólabarna þarf að vera meira en bygging og búnaður, það þarf einnig að gefa svigrúm fyrir lifandi skólastarf og sveigjanleika til sköpunar. Einnig þarf það að veita andrúm sem einkennist af virðingu og velvild og stuðlar þannig að góðri líðan, námsframvindu, tillitsemi og hjálpsemi (Elín G. Ólafsdóttir, 2004).

Árið 2006 var stofnaður starfshópur á menntasviði Reykjavíkurborgar um stöðu sérfræðiþjónustu í skólum borgarinnar vegna ábendinga frá skólastjórnendum með vísan í niðurstöður rannsóknar Ingvars Sigurgeirssonar á atferlisvanda í grunnskólum. Starfshópurinn skilaði skýrslu með niðurstöðum árið 2008. Í niðurstöðum skýrslunnar segir m.a. að helstu áherslur í sérfræðiþjónustu skóla hafi fram að þessu byggst á læknisfræðilegri sýn á líffræðilegan, geðrænan eða félagslegan vanda nemenda sem læknum eða öðrum sérfræðingum hafi verið ætlað að greina, lækna og skila „heilbrigðum“ einstaklingum í skólann. Fram kemur að á undanförunum árum hafi læknisfræðilega líkanið sætt vaxandi gagnrýni og til mótvægis hafi verið sett fram félagslega líkanið, sem leggur áherslu á að vandinn liggi ekki í einstaklingnum heldur sé um að ræða samspil einstaklings og umhverfis. Í stað þess að reyna að lækna nemandann þá eigi að vinna að styrkingu félagslegs umhverfis sem tekur mið af margbreytilegum þörfum nemenda og að hafa fjölbreytileika að leiðarljósi (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2008).

### **2.3 Samvinna heimilis og skóla**

Samvinna heimilis og skóla byggir á sambandi starfsmanna skóla og fjölskyldna skólabarna, sem stuðlar að gagnkvæmum skilningi, alhliða þroska og vellíðan nemenda. Með sameiginlegu markmiði um hagsmuni nemandans í fyrirrúmi aukast líkur á farsælli veru hans í skólanum og framtíð að loknu námi (Ingibjörg

Auðunsdóttir, 2007). Samkvæmt 18 gr. laga um grunnskóla ber foreldrum að gæta hagsmuna skólaskyldra barna sinna. Þeir eiga rétt á að velja grunnskóla innan síns sveitarfélags, að fá upplýsingar um skólastarfið og skólagöngu barna sinna og þeim er jafnframt skylt að veita skólanum upplýsingar um barn sitt sem nauðsynlegar eru fyrir velferð þess og skólastarfið. Foreldrum ber að hafa samráð við skólann, styðja við námsframvindu barnsins, að barnið komi úthvilt í skólann og fylgi skólareglum. Þeim ber að fá tækifæri til þátttöku í námi barnsins og almennt í skólastarfinu (Lög um grunnskóla nr. 91/2008). Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2007) samanstendur skólasamfélagið af nemendum, starfsmönnum skóla, foreldrum og forráðamönnum barna. Samvinna þessara aðila er mikilvæg í mótun skólasamfélagsins og þeirra umgengnishátta sem þurfa að vera fyrir hendi innan skólans. Þeir þurfa að koma sér saman um meginmarkmið skólastarfsins. Foreldrar og forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna og tryggja að nemendur uppfylli skólaskyldu. Menntun og velferð skólabarna er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla sem verður að byggjast á gagnkvæmu trausti, virðingu, samábyrgð og upplýsingarmiðlun og samvinnu á jafnréttisgrundvelli. Foreldrum og forráðamönnum ber að upplýsa skólann sem best um hagi nemandans og þau atriði sem geta haft þýðingu fyrir líðan og námsframvindu hans (Aðalnámskrá grunnskóla, 2007).

Fjöldi rannsókna bendir til þess að þegar foreldrar sýna námi barna sinna áhuga og taki sinn þátt í því, hafi það áhrif á það hvernig börnum þeirra vegni í skólanum, t.d. með því að leggja áherslu á námsárangur og leitast við að fylgjast með skólagöngu þeirra. Í gegnum tíðina hefur oft reynst erfitt að samhæfa væntingar og áherslur skóla og foreldra og samstarfi þeirra fylgir stundum misskilningur og óánægja (Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Mel West, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigurþórsson, 1999). Í bók Nönnu Kristínar Christiansen (2010) kemur fram að það er misjafnt hvernig fólk túlkar samstarf foreldra og kennara. Hér á landi er algengt að líta svo á að foreldrasamstarf feli í sér sameiginlega þátttöku foreldra, kennara og nemenda í félagsstarfi. Að það sé gott upplýsingastreymi um helstu verkefni sem tekist er á við innan skólans, hvort sem það tengist heimaverkefnum, þemastarfi, foreldraviðtölum, sýningum eða hverju öðru því sem unnið er með innan skólans.

Starfshópur á vegum menntasviðs Reykjavíkurborgar (2010) lagði fram tillögur að auknu samstarfi foreldra og skóla. Helstu tillögur starfshópsins eru þær að

leikskólasvið og menntasvið Reykjavíkurborgar stuðli að markvissu samstarfi við foreldra um velferð skólabarna. Tekið verði mið af lögum og námskrá þar sem kveðið er á um stuðning foreldra við nám barna sinna, enda nái foreldrar og skóli betri árangri í samstarfi en þeir gera hvor um sig. Tillögurnar greinast í grófum dráttum í eftirfarandi meginþætti: Grunnskólar borgarinnar setji sér áætlun um samstarf við foreldra sem tekur mið af stefnum og starfsáætlunum skólanna. Þeir finni leiðir sem gefi foreldrum hlutdeild í námi og starfi barna þeirra og skulu þær byggjast á forsendum hvernar fjölskyldu. Samstarfið skal einkennast af jafnræði fagfólks og foreldra, og foreldrum skulu gefin skýr skilaboð um mikilvægi framlags þeirra. Það kemur einnig fram í þessum tillögum að símenntun skólastjórnenda grunnskóla skuli taka mið af þessum áherslum (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2010).

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að áhersla á samstarf skóla og foreldra sé ekki ný og að margir skólar hafi lagt sig fram á þessu sviði. Margir skólar leggi sig fram um að koma upplýsingum til heimila skólabarna, haldi úti vefsíðu og/eða sendi tölvupóst til foreldra með hagnýtum upplýsingum. Þar kemur einnig fram að skólarnir bjóði foreldrum upp á skemmtanir, kynningar og fræðslufundi auk þess sem þeir standi fyrir reglubundnum og einstaklingsbundnum viðtölum. Þrátt fyrir það sýna bæði íslenskar og erlendar rannsóknir að það skorti verulega á að samstarf grunnskóla og heimila sé fullnægjandi; hingað til hefur það yfirleitt verið á forsendum skólans, sem hefur litið svo á að hlutverk foreldra sé að styðja skólann. Skólinn hefur sett leikreglurnar fyrir samstarfið, skilgreint vandann og í ljósi faglegrar þekkingar ákveðið hvernig tekist skuli á við hann (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2010).

Í Salamanca-yfirlýsingunni (1994) um kennslu barna með sérþarfir segir að „menntun barna sé sameiginlegt viðfangsefni foreldra og fagstétta“. Mikilvægt sé að styrkja eftir þörfum samstarf foreldra og fagstétta svo að þeir nái að starfa saman á jafnréttisgrundvelli. Ennfremur segir að það sé skylda stjórnvalda að stuðla að foreldrasamvinnu með stefnuyfirlýsingu og löggjöf sem tryggi rétt foreldra.

Það er mikilvægt að foreldrar hafi greiðan aðgang að skólastarfinu. Annarsvegar vegna þess að þeir búa yfir upplýsingum sem skólinn getur ekki nálgast nema í gegnum þá og hinsvegar vegna þess að það styrkir upplifun foreldra í því að leggja börnum sínum lið innan skólakerfisins. Margir foreldrar barna með ADHD upplifa sektarkennd og kenna sjálfum sér um vanda barnanna (Ragna Freyja Karlsdóttir,

2001). Þverfagleg teymisvinna allra sem að máli barnsins koma skilar auknum árangri og þjónustan verður skilvirkari. Reglulegt samráð við foreldra er mikilvægt og að þeir sem sitja fundina skili fundagerðum til allra sem um barnið fjalla til að tryggja eftirfylgni fyrir foreldra og fagfólk. Enginn er eins áhrifamikill í lífi barns og foreldrar þess. Þeir eru tilfinningalega tengdir barninu sínu, bera ábyrgð á því og verða áhyggjufullir ef því gengur ekki vel og líður illa (ADHD samtökin 2010). Rannsóknir benda til þess að alvarlegir hnökrar séu á viðbrögðum skóla vegna afskipta foreldra sem sérstaklega varðar beiðni þeirra um viðbótarþjónustu. Þessi barátta foreldra á einkum við í almennum skólum þar sem tilviljun virðist ráða ferðinni um það hvort fatlaðir nemendur fái kennslu til langframa. Algengt er að foreldrar leggi mikið á sig til að tryggja að börn þeirra fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á (Gretar L. Marinósson o.fl., 2007).

## 2.4 Samantekt

Samkvæmt lögum um grunnskóla á hann að vera án aðgreiningar og það er beinlínis skylda skólans að fullnægja þörfum allra barna. Mikilvægt er að starfsmenn skólans geti greint styrkleika barns í námi og áhugasvið skólabarna og hafi þekkingu til að vinna út frá þeim. Námsfni, námsaðferðir og annað aðgengi að námi þarf að vera til staðar svo að skólinn sé fær um að þjóna öllum nemendum sínum, enda er einstaklingsmiðað nám forsenda skóla án aðgreiningar. Fram kemur í skýrslu nefndar félags- og tryggingarmálaráðuneytisins árið 2008 að skólakerfið fullnægi ekki þörfum barna með ADHD. Bekkjardeildir séu of fjölmennar og þekkingu kennara á þessu sviði sé ábótavant.

Í Í Salamanca-yfirlýsingunni (1994) segir að „menntun barna sé sameiginlegt viðfangsefni foreldra og fagstétta“. Samvinna heimilis og skóla er talin mikilvæg fyrir gagnkvæman skilning, þroska og vellíðan barna í námi. Í tilfalli barna með ADHD er þetta samstarf mikilvægt til þess að foreldrar fái tækifæri til að miðla upplýsingum til skólakerfisins. Með því móti getur skólinn gert sér betur grein fyrir þörfum barnsins og foreldrar áttað sig á þekkingu skólans til að vinna með börnum þeirra. Rannsóknir benda hinsvegar til þess að alvarlegir hnökrar séu á viðbrögðum skólans vegna afskipta foreldra, sérstaklega þegar foreldrar biðja um viðbótarþjónustu fyrir börn sín, enda leggi þeir oft mikið á sig til að börnin fái þá þjónustu sem þeim ber. Þessi barátta foreldra á einkum við í almennum skólum.

### 3. Rannsóknin

Í þessum kafla verður fjallað um framkvæmd rannsóknar og þeirri aðferð sem notuð var verða gerð skil. Einnig verða viðmælendur kynntir. Rannsóknin var byggð á eigindlegri rannsóknaraðferð og notað var markmiðsúrtak í vali á viðmælendum í þeim tilgangi að fá sem bestar upplýsingar til að auka skilning minn á viðfangsefninu. Í viðtölunum var reynt að fanga upplifun tveggja mæðra af samvinnu við skólakerfið og þjónustu við börn þeirra og þýðingu þess fyrir framvindu náms og líðan barna og fjölskyldna þeirra.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á hvaða hátt og hvernig skólakerfið bregðist við nemendum með ADHD og hvernig samvinnu sé háttað milli foreldra og skóla.

Leitað verður svara við spurningunum:

Hvernig upplifa foreldrar barna með ADHD samvinnu heimilis og skóla?

Hvernig upplifa foreldrar barna með ADHD þjónustu við börn sín innan skólakerfisins?

#### 3.1 Aðferð

Í félagsvísindum hefur eigindlegum aðferðum verið beitt við rannsóknir á ýmsum minnihlutahópum. Þessi aðferð gefur möguleika á að öðlast heildstæðan skilning og þekkingu á hlutskipti fólks og hvernig það sjálft upplifir aðstæður sínar og líf (Rannveig Traustadóttir, 2003).

Eigindlegar rannsóknir grundvallast á opnum viðtölum, sem t.d. má nýta til rannsóknar á lífi, hegðun, viðhorfi eða tilfinningum einstaklinga. Þessi rannsóknaraðferð getur gert rannsakanda kleift að kanna ástand sem ríkir hjá viðkomandi viðmælanda á þann hátt að hann getur betur áttað sig á líðan hans og athöfnum. Þætti á borð við tilfinningar og hugsun er fremur hægt að nálgast með eigindlegum rannsóknaraðferðum en megindelegum, og því mun sú aðferð vera nýtt í þetta verkefni (Strauss og Corbin, 1998). Með viðtölum sem þessum eru þátttakendur spurðir um þætti sem rannsóknin beinist að. Þeir þeir eru beðnir um greina að frá lífi sínu með eigin orðum og eigi þess kost að segja frá því sem þeim finnst mikilvægast að komi fram.

Eigindlegar rannsóknaraðferðir hafa þó ekki komist hjá gagnrýni og eru það sér í lagi talsmenn megindlegra rannsóknaraðferða sem hafa gagnrýnt aðferðina. Meðal annars hefur það verið gagnrýnt að erfitt sé að endurtaka eigindlegar rannsóknir, því að það þyrfti þá að vera gert út frá sömu forsendum og áður, og hlutverk og sjónarhorn rannsakanda yrði því að vera hið sama. Erfitt getur verið að alhæfa út frá þeim upplýsingum sem fást með eigindlegum rannsóknaraðferðum og ferlið getur verið ógagnsætt, sveigjanleikinn gerir það að verkum að ekki er hægt að reiða sig á að allir vinni eins (Bryman og Bell, 2007)

Ástæðan fyrir vali á eigindlegum rannsóknaraðferðum við gerð þessa verkefnisins er að með henni er hægt að afla upplýsinga frá fyrstu hendi og fá sem sannasta mynd af upplifun viðmælenda með því að leitast við að skilja hvernig þátttakendur túlka og meta aðstæður sínar.

### **3.2 Framkvæmd rannsókna**

Rannsóknin stóð yfir frá því í nóvember 2010 fram í mars 2011 eða í fimm mánuði. Tekin voru viðtöl við tvær mæður drengja með ADHD á ellefta aldursári og við foreldraráðgjafa sem er þroskaþjálfari og hefur margra ára reynslu af samvinnu við foreldra barna með ADHD. Í viðtölunum sem voru í samtalsformi var stuðst við opinn spurningalista og voru þau hljóðrituð með samþykki viðmælendanna. Staðsetning var valin samkvæmt óskum viðmælenda. Önnur móðirin og ráðgjafinn völdu eigin vinnustaði og hin móðirin kaus að hitta mig á mínum vinnustað og á mínu heimili. Allir viðmælendur létu í ljós áhuga á verkefninu og gáfu sér góðan tíma í viðtölunum. Tvö viðtöl voru tekin við hvora móður og eitt viðtal var tekið við ráðgjafann. Hvert viðtal tók um það bil tvær klukkustundir. Í upphafi rannsóknarinnar hafði ég fengið samþykki þriggja mæðra fyrir viðtölum. Þriðja móðirin hafnaði viðtali þegar á reyndi á þeirri forsendu að líf drengsins hennar væri komið í farsælli farveg og að hún vildi ekki snúa til baka með því að rifja upp þann sárauka sem hún hafði gengið í gegnum.

Viðmælendur mínir voru mæður á fertugsaldri og foreldraráðgjafi með áratuga reynslu í málefnum fatlaðs fólks og menntaður á því sviði. Undanfarin ár hefur hann unnið sem foreldraráðgjafi. Af trúnaðarástæðum hefur nöfnum mæðranna verið breytt til að torvelda rekjanleika til þeirra. Af sömu ástæðu ákvað ég að gefa foreldraráðgjafanum ekki nafn, einnig í því skyni að auðvelda mér og lesendum að greina á milli svara viðmælenda minna. Mæðurnar sem ég hef gefið nöfnin Anna og

Elín hafa báðar starfað á vettvangi barna og önnur þeirra er menntuð á sviði uppeldisfræða. Synir þeirra eru báðir á ellefta aldursári. Ástæða fyrir vali á viðmælendum var að ég taldi æskilegt að velja viðmælendur sem ég gæti mætt á jafnréttisgrundvelli. Ég þekkti báðar mæðurnar frá fyrri tíð og af fyrri kynnum mínum við þær treysti ég þeim til að gefa mér trúverðugar upplýsingar. Ég batt einnig vonir við að einmitt þessir viðmælendur myndu auka skilning minn á verkefninu. Þriðja viðmælanda minn, foreldraráðgjafann, valdi ég eftir að hafa hlustað á fyrirlestur hans um starfsvettvang sinn og starfsemi.



## 4 Niðurstöður og umræður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar út frá viðtölum mæðranna og foreldraráðgjafans. Viðtölin voru flokkuð út frá áherslum viðmælenda. Eftir að hafa margítrekað lesið viðtalsgögnin fann ég út sex þemu sem voru, leikskólaganga, upphaf grunnskólagöngu, stuðningur við börn með ADHD og foreldra þeirra, samvinna, sérdeild og staðan núna. Í umfjölluninni fer þó mest fyrir þjónustu grunnskólans við drengina og samvinnu við mæðurnar enda var það í grunnskólanum sem fyrst reyndi á þolrif drengjanna, mæðranna og starfsmanna grunnskólans. Í upphafi rannsóknarinnar hugðist ég fjalla um þjónustu við börn með ADHD og fjölskyldur þeirra innan velferðarkerfisins, en fljótlega kom þó í ljós að skólaganga drengjanna brann helst á mæðrunum og önnur þjónusta við börn með ADHD og fjölskyldur þeirra var lítil sem engin.

Niðurstöður benda til þess að þó að grunnskólanum beri samkvæmt lögum skylda til að þjóna öllum grunnskólabörnum án aðgreiningar og þótt þar sé kveðið á um gagnkvæmar skyldur foreldra og skóla um samvinnu, þá taki skipan grunnskólans ekki nægilega mið af þörfum barna með ADHD, hvorki í félagslegu né námslegu tilliti. Samvinna skólans við foreldrana virðist sama marki brennd.

### 4.1 Leikskólaganga

Einkenni ADHD hjá börnum koma oft snemma í ljós en hinsvegar reynir oft ekki á vanda þeirra fyrir en þau fara að rekast á umhverfið og kröfur þess. Að sögn foreldraráðgjafa er ekki mjög algengt að foreldrar leiti til sín vegna leikskólagöngu barna. Það komi þó fyrir að foreldrar láti í ljós áhyggjur vegna barna sinna á leikskólaaldri án þess að geta fest hönd á í hverju vandinn liggur. Mæður drengjanna tveggja sem tóku þátt í rannsókninni töluðu um að strax í leikskóla hafi synir þeirra lent í árekstrum við umhverfið. Þeir voru greindir með ADHD á leikskólaaldri, annar um þriggja ára aldur en hinn fjögurra ára. Anna og Elín telja að þekking til að vinna út frá greiningum hafi ekki verið fyrir hendi í leikskólanum, að vilji hefði verið í leikskólanum til að láta drengjunum líða vel en leikskólaumhverfið hafi ekki höndlað þá. Hegðun annars drengsins vakti athygli annarra barna á leikskólanum og foreldrar þeirra óttuðust um öryggi barna sinna. Elín lýsti sársaukafullri reynslu af því þegar

hún varð af tilviljun vitni að kvörtunum frá foreldri barns á deildinni sem sagði að drengurinn hennar ætti ekki heima á leikskólanum.

Elín sagði:

Einu sinni gekk ég óvart inn í viðtal hjá leikskólastjóranum og þá var þar ein mamma að kvarta undan honum og var að tala um að þessi drengur ætti ekkert heima í leikskólanum og þarna er hann ekki komin með greiningu og er undir þriggja ára aldri og hann var orðinn þungur baggi á deildinni.

Þó að erfitt geti verið að sætta sig við greiningar á börnum sínum þá getur það í vissum tilfellum verið léttir fyrir foreldra í þeirri von um að lausn finnist á vandamáli barna þeirra (ADHD samtökin, 2010). Greiningarvinnan reyndist ekki verða þessum drengjum það veganesti sem til var ætlast. Elín lýsir vinnubrögðum kringum greiningarvinnunna þannig að hún minnti hana helst á sjálfsafgreiðslu. Hún lýsir henni eins og stöðluðu gagnslausu formi sem hún hafði ekki trú á að kæmi honum að nokkru gagni þar sem þeir sem áttu að vinna með syni hennar hefðu enga þekkingu til að fylgja greiningunni eftir.

Kvartanir frá leikskólanum ollu Elínu miklu hugarangri og svo virtist sem starfsmenn leikskólans stæðu ráðþrota gagnvart drengnum vegna skorts á þekkingu og viðeigandi aðstæðum til að vinna með honum. Kvartanir út af syni hennar voru grófar og starfsmenn virtust ekki gera sér grein fyrir því að þær upplýsingar sem þeim fannst skylt að koma á framfæri voru íþyngjandi fyrir móðurina.

Elín sagði.

Maður kemur að ná í barnið sitt og þú heyrir um árekstrana á hverjum degi, þetta gerðist í dag, hann beit í dag, hann var mjög erfiður og það er til dæmis ekkert rosalega góð leið ef maður hugsar um það, en auðvitað þurftu þau að segja mér það. Og ég fór örugglega hundrað sinnum grátandi heim sem kannski starfsfólkið vissi aldrei af.

Í gegnum tíðina hefur oft reynst erfitt að samhæfa væntingar og áherslur skóla og foreldra og samstarfi þeirra stundum fylgt misskilningur og óánægja (Börkur Hansen,

Jón Baldvin Hannesson, Mel West, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigurþórsson, 1999).

## 4.2 Upphaf grunnskólagöngu

Við skil á milli skólastiga frá leikskóla til grunnskóla, breytast og aukast hæfniskröfur til nemenda um aldursvarandi hegðun og vinnubrögð í námi. Börn með ADHD eiga oft erfitt með að uppfylla kröfur grunnskólans vegna einbeitingarskorts, hreyfivirkni og hvatvísi sem rekst illa á þær kröfur sem skólinn gerir til nemenda sinna (Ragna Freyja Karlsdóttir, 2001). Bekkjardeildir eru fjölmennar, umhverfið staðlað við meðaltal hóps nemenda og oft ekki mikið svigrúm fyrir nemendur sem ekki falla að þeim staðli. Þrátt fyrir það segir svo í 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 að nemendur eigi rétt á að námsþarfir þeirra séu uppfylltar í almennum grunnskóla án aðgreiningar. Í stað þess að skólinn einbeiti sér að styrkleika barna með ADHD virðist bera á því að námsörðugleikar þeirra séu oft raktir til veikleika þeirra (ADHD samtökin, 2010).

Mæður drengjanna tveggja voru bjartsýnar við upphaf grunnskólagöngu og bundu vonir við að úr rættist og að upplýsingar frá leikskóla myndu tryggja farsæla framvindu. Annað kom í ljós. Lýsingar mæðranna á upphafi skólagöngu drengjanna eru sláandi líkar. Þær sögðu að greiningargögnin frá leikskólanum hefðu farið forgörðum og engu líkara en að koma drengjanna í skólann hefði komið kennurum í opna skjöldu. Upphaf samskipta mæðranna við skólann einkenndist af misskilningi og ráðaleysi sem Elín lýsir þannig í upphafi skólagöngunnar:

Ég veit að leikskólinn skilaði honum vel af sér, en einhvernvegin fór sú greining ofan í skúffu. Þannig að kennarinn tekur við honum sem venjulegum nemanda og kemur þannig fram við hann.

Anna sagði:

Í byrjun var engin þjónusta. Leikskólinn skilar honum mjög vel af sér og við héldum að með því að þetta bara komi og vorum ekki mikið að þæla í því, þar sem það fara með honum gögn frá leikskólanum og skólaskrifstofu.

Samkvæmt Kauffman (2001) þarf að laga námsefni að þörfum barna, nota þarf efnivið sem nýtist hverjum og einum og gera jafnvel róttækari breytingar eins og að

hagræða námsumhverfi þeirra. Virðing og velvild er mikilvæg í garð þessara barna og slíkt stuðlar að betri líðan þeirra. Með einstaklingsmiðuðu námi er lögð áhersla á skóla án aðgreiningar. Til þess að skóli án aðgreiningar geti starfað með góðu móti er mikilvægt að fagleg þekking, t.d. á einstaklingsmiðaðri kennslu, hjálpartæki og annað sem þarf til að mæta námserfiðleikum barna sé til staðar (Elín G. Ólafsdóttir, 2004).

Hér að framan hefur komið fram að sumir foreldrar barna með ADHD sjái fyrir sér lausnir í framhaldi af greiningu sem miði að betri þjónustu við börnin. Í rannsókn Önnu Bjarkar Sverrisdóttir (2010) koma fram hugleiðingar hennar um það hvort skólinn komi til móts við einstaklingsmiðaðar þarfir nemenda, þar sem greiningin miðar á sérstakan hóp barna sem merktur er með ADHD. Einnig hvaða áhrif greiningin hafi á stimplun þessara barna, hvort hún leiði til skilyrtrar hegðunar og einnig hvort greiningin hafi áhrif á sjálfsmynd barnanna og geti leitt til sjálfsstimplunar. Í skýrslu starfshóps menntasviðs Reykjavíkurborgar (2008) kemur fram að til þessa hafi helstu áherslur sérfræðiþjónustu í grunnskólum fyrst og fremst horft til skerðingar nemenda sem færa þurfi til betri vegar. Starfshópurinn telur að leggja þurfi meiri áherslu á að styrkja félagslegt umhverfi skólanna, samspil einstaklinganna og taka mið af margbreytileika nemenda og hafa hann að leiðarljósi (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2008). Foreldraráðgjafi segist sjálf hafa verið með efasemdir um tilgang og gildi greiningar á börnum með ADHD, ekki síst vegna þeirrar stimplunar sem hún hefur í för með sér. Foreldraráðgjafi sagði að skoðanir um greiningar væru einnig skiptar meðal foreldra og skólafólks. Hún sagði jafnframt að takmarkaður skilningur og þekking kennara og viðbrögð við mismunandi þörfum barna kalli á greiningarvinnuna. Hún orðar það svo að við séum ekki komin lengra. Foreldraráðgjafi lét einnig í ljós það álit að það vanti rétt viðhorf inn í skólakerfið, einnig að það skorti á að þeir sem að taki við börnum í skólanum og vinni með þeim séu settir nógu vel inn í niðurstöður greiningarvinnunnar og þátttöku við að útfæra lausnirnar.

Hún sagði:

Þegar börn fara í gegnum greiningar eins og BUGL og Greiningarstöð og annað þá er enginn sem er í þessu teymi sem er að greina þarfir barnsins, enginn kennsluráðgjafi, það er sálfræðingur, þroskaþjálfari, fleiri, en það eru

ekki kennarar eða sérkennarar sem þekkja menningu skólans, ég skil að kennarar fari stundum í vörn, við þurfum að fara að hugsa þetta upp á nýtt.

Svipað álit kemur fram hjá Elínu, að það skorti samhæfingu í eftirfylgd greiningar í upphafi og samhæfingu byggða á þekkingu, móðirin talar um að eftirfylgd sérfræðinga í kjölfar greiningar inn í skólann með þekkingu fyrir nemendur og kennara myndi skila sér til lengri tíma sem annars færi forgörðum.

Elín lýsti einnig vonleysi þegar hún skýrði frá því að skólinn hefði fengið andúð á syni hennar frá fyrsta degi. Hann lenti strax í upphafi í árekstrum við nemendur og starfsmenn skólans. Nemendur verða oft kvíðnir því að þeir standast ekki væntingar sem skólinn gerir til þeirra (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2007). Elín sagði að líðan drengsins hefði farið ört hrakandi, hann hefði þjást af svefnleysi og ofsareiði og hann vakti heilu næturnar skömmu eftir að hann settist í grunnskólann. Elín sagðist hafa orðið fyrir sífelldu ónæði frá skólanum, í símtölum komu fram ljótar og ásakandi lýsingar á hegðun drengsins og hún var látin fjarlægja hann úr skólanum. Henni fannst skólinn vega að sér sem uppalanda og látið líta svo út að framkoma sonar hennar væri hennar sök.

### **4.3 Stuðningur við börn með ADHD og foreldra þeirra**

Foreldrar barna með ADHD búa við mikið álag og streitu í foreldrahlutverki sínu. Líðan þeirra lýsir sér í vonleysi, sektarkennd og vantrú á sér sem foreldrum (Jónína Sæmundsdóttir, 2003). Samkvæmt rannsókn Hechtman (1996) sýna niðurstöður að það sé meira um vandamál í fjölskyldum þar sem barn er ofvirkt samanborið við fjölskyldur þar sem ekki er ofvirkni. Það virðist einnig vera tilhneiging þeirra sem afskipti hafa af börnum með ADHD að skýringa á hegðun þeirra megi leita í fari foreldranna, t.d. í uppeldinu (Jónína Sæmundsdóttir, 2003).

Elín sá sér ekki annað fært en að hætta atvinnuþátttöku vegna síendurtekinna kvartana frá skólanum sem henni fannst vega að sér sem uppalanda:

Þá er hann komin í fyrsta bekk og þá fæ ég skell. Ég þurfti að hætta að vinna og fylgja honum í skólann og þegar ég var að vinna þá var ég gjörsamlega óvinnufær því skólinn fékk bara andúð á honum frá fyrsta degi.

Hafa ber í huga að upplýsingar um sértækar kennsluþarfir drengsins skiluðu sér ekki til kennarans, sem gerði þess vegna engar sérstakar ráðstafanir til að auðvelda honum upphaf skólagöngu. Reglurnar sem skólinn setti drengnum voru honum ofviða og hann réði ekki við verkefnin sem honum var gert að leysa. Í 14 gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að nemandi beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að honum beri að hlýða fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu sem varðar skólann.

Kennarinn og aðrir þeir sem vinna með barninu þurfa að leggja sig fram til að kynnast nemendanum til að geta skilið hegðun hans og unnið út frá þörfum hans. Það er mikilvægt til að geta unnið með styrkleika og laða fram það jákvæða í fari nemendans (Gretar L. Marinósson, 2003). Þegar líða tók á veturinn fékk drengurinn stuðning frá starfsmanni sem Elín taldi að skorti færni til að vinna með honum og skilaði sér því hvorki í bættri líðan né betri námsárangri.

Elín sagði:

Það var þannig fyrst að hann átti að vera inni í tímanum og hann átti að klára verkefnin sín og þetta endaði með ósköpum, ég veit ekki hvað oft var hringt af því að barnið var í brjálæðiskasti, ég var látin sækja hann. Hann var búinn að rústa stofum, hann var búinn að ráðast á börn illa. Ég var orðin svo örmagna af þreytu á þessum tíma.

Lýsingar Önnu voru samsvarandi, þjónustan var engin og hún fékk símtöl á hverjum degi frá skólanum með lýsingu á slæmri hegðun drengsins hennar, eða til að tilkynna henni að hann væri strokinn úr skólanum og oftast var hann þá mættur á vinnustað móðurinnar. Hún leit svo á að skólinn áttaði sig ekki á eða viðurkenndi ekki vanda drengsins og teldi að hegðun hans væri af öðrum toga en ADHD.

Foreldraráðgjafi sagðist vita til þess að börn væru send heim úr skóla í alvarlegum tilfellum og einnig að börn strykju úr skólanum. Það er líka tilhneiging til að stytta skóladag barna með hegðunarfrávik sem getur leitt til þess að foreldrar þurfi að draga úr atvinnuþátttöku ef aðrar lausnir eru ekki fyrir hendi. Skólastjóri hefur heimild samkvæmt 14. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 að vísa barni úr skóla ef hegðun þess er verulega áfátt, um stundarsakir eða ótímabundið. Jafnframt ber honum eftir formlegum leiðum að finna skólabarninu viðeigandi kennsluúræði innan hæfilegs tíma.

Báðar mæðurnar sögðu að fyrsti vetur drengjanna hefði liðið án þess að þeir fengju þjónustu við hæfi. Anna segir að bekkjarkennari drengsins hafi verið allur af vilja gerður til að annast hann en ekki ráðið við hann vegna erfiðra aðstæðna í bekknum. Í eigindlegri rannsókn Aldísar Ebbu Eðvarðsdóttur (2011) kemur fram í viðtölum við fjórar mæður barna með ADHD að þær hefðu allar brugðið á það ráð að taka syni sína úr skóla vegna ráðarleysi skólanna og slæmrar líðanar drengjanna. Elín og Anna brugðu ekki á það ráð að taka drengina úr skólanum þótt þær væru í svipaðri stöðu. Sonur Önnu fékk engan sérstakan stuðning í námi fyrir utan tvo til fjóra tíma í viku eftir áramótin. Hún sagði að drengurinn hefði farið í hlutverk trúðsins og ekkert lært að gagni.

Elín segir svipaða sögu. Að hennar mati fékk drengurinn hennar ekki þann stuðning sem gagnaðist honum. Hann fékk þó sérstakan stuðning í fyrsta bekk sem ekki byggðist á þekkingu við hæfi og móðirin mat tilgangslausa vinnu. Hún talar um að hann hefði strax í upphafi lent í árekstrum við umhverfið, bæði við börn og fullorðna og eftir fyrsta veturinn hafi litli strákurinn hennar verið orðinn harðsvíraður.

Elín sagði

... sko, litli strákurinn minn, og þetta gerðist svolítið hratt út af því að skólinn stóð bara ráðþrota gagnvart honum. Það fór kona á miðjum aldri að vinna með honum sem mér fannst persónulega hún ekki hafa þekkingu né færni til að vinna með honum. Þannig að tímarnir án stuðnings eða með stuðningi, það var bara enginn munur.

Foreldraráðgjafi talar um að börn með ADHD eigi ekki vísan stuðning í námi í grunnskóla þrátt fyrir að grunnskólanum sé úthlutað fjármagni til að standa straum af auknum kostnaði við nám þeirra

Það er í rauninni ströggil við að fá extra þjónustu, en foreldrar þurfa að vera vakandi til þess að fá þjónustu fyrir börnin sín. En það er þannig að allir skólar fá úthlutað fjármagni til að mæta börnum með ýmsar sérþarfir, svo eru börn sem skilgreind eru fötluð sem fá sér úthlutanir.

#### **4.4 Samvinna**

Samvinna heimilis og skóla byggist á sambandi starfsmanna skóla og fjölskyldna skólabarna, sem stuðla að gagnkvæmum skilningi, alhliða þroska og vellíðan

nemenda. Með sameiginlegu markmiði um hagsmuni nemandans í fyrirrúmi aukast líkur á farsælli veru hans í skólanum og framtíð að loknu námi (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2007). Í 2. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir að hlutverk hans sé að stuðla að alhliða þroska allra nemenda í samvinnu við heimili þeirra. Í viðtölum við mæðurnar kom fram að samvinnan hafi verið lítil af hálfu skólans og þeirra framlag til samvinnu lítills metin. Anna lýsir því svo að hún þurfi að pressa á samvinnu til að koma sínum sjónamiðum á framfæri um þjónustu við drenginn. Henni finnst hún þurfa að beita hörku til að ná fram gagnkvæmri samvinnu og alltaf með hagsmuni drengsins að leiðarljósi, sem hún fullyrti að hún hefði fulla þekkingu á. Við það myndaðist togstreita um hvor vissi betur, kennarinn eða móðirin.

Anna sagði:

Ég upplifi það að ég kemst ákveðið langt og pota lengra en ég má, þá fæ ég svona, ég er kennarinn og hef þekkinguna, en ég hef oft sagt, já, en ég er móðirin og ég er búin að vera með hann síðan hann fæddist og ég tel mig þekkja hann betur en þið.

Í Salamanca-yfirlýsingunni (1994) segir að „menntun barna sé sameiginlegt viðfangsefni foreldra og fagstétta“. Samvinna heimilis og skóla er talin mikilvæg fyrir gagnkvæman skilning, þroska og vellíðan barna í námi. Í tilfalli barna með ADHD er þetta samstarf mikilvægt til þess að foreldrar fái tækifæri til að miðla upplýsingum til skólakerfisins. Með því móti getur skólinn gert sér betur grein fyrir þörfum barnanna og foreldrar áttað sig á þekkingu skólans til að vinna með börnum þeirra.

Anna bætir við að hún sé hörð á því að hún vilji hafa gagnkvæma samvinnu, burt séð frá því hvaða álit skólinn myndi sér á henni, hún leggur áherslu á að hún vilji að það sé komið vel fram við drenginn hennar og að hún hugsi alfarið um hans hag.

Foreldrar barna leggja oftast en ekki mikið á sig til þess að börn þeirra fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á. Barátta þeirra snýst um að fá viðbótarþjónustu til langframa, en stundum geta komið upp ágreiningsmál á milli foreldra og skóla sökum þessa (Gretar L. Marinósson o.fl., 2007).

Anna og Elín voru í fullri vinnu þegar skólaganga drengjanna hófst. Þær lýsa því hvernig skólinn bregst við þeim og hvernig samvinnu var háttað frá byrjun. Þær tala báðar um að skólinn vísi vandanum yfir á þær og að næstum daglega hafi verið hringt



í þær og kvartað yfir hegðun drengjanna og oftast en ekki var þeim gert að sækja drengina fyrir lok skóladags. Þær töluðu báðar um að þær hafi fundið fyrir óþægindum í hvert sinn sem síminn hringdi af ótta við að fá neikvæðar lýsingar af drengjunum. Þetta hafi valdið þeim verulegu ónæði og áhyggjum sem með tímanum sem varð til þess að þær hættu báðar atvinnuþátttöku. Anna lét skólastjórann vita að hann yrði að gera ráðstafanir ef hún ætti að geta stundað vinnu, drengurinn fékk þá tímabundinn stuðning en jafnframt skerta viðveru í skólanum eða aðeins þrjár klukkustundir á dag.

Hún sagði:

... ef ég ætti að geta stundað vinnu þá þyrfti hann að fá manneskju með sér svo ég gæti stundað vinnu. Og það var gert, hann fékk frábæra konu sem að var með honum á meðan hann var í skólanum en hann gat náttúrulega lítið verið í, hann var með skerta stundatöflu.

Ein af algengustu samskiptaleiðum kennara og foreldra tengjast heimanámi barna. Þessi samskipti eiga sér langa hefð og flestir nemendur og foreldrar hafa kynnst í tímans rás. Góður árangur í skóla var ekki síst talinn háður skilvirkum heimanámi. Í athugasemdum við frumvarp til laga um grunnskóla nr. 91/2008 18 gr. er gert ráð fyrir að foreldrum sé skylt að sjá til þess að börn þeirra stundi heimanám og að frístundastarf komi ekki niður á námi þeirra. Með þessum hætti er það sett í vald kennara að ráðstafa hluta frítíma fjölskyldunnar í verkefni sem kennarar ákveða (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Báðar mæðurnar lýsa heimnáminu sem þungum bagga á heimilið, foreldra og systkini, og að gerðar hafi verið óraunhæfar kröfur miðað við sértækar námsþarfir drengjanna. Elín lýsir sig vanmegnuga gagnvart kröfum skólans um þátttöku hennar í heimanámi drengsins.

Hún sagði:

Það var alltaf verið að segja okkur hvað við ættum að gera, þið verðið bara að gera svona reglur í kringum hann, og svona ramma, og hann á að lesa þetta mikið á hverjum degi, svo horfir þú á krakkann þinn í brjálæðiskasti það flugu stólar og borð heima hjá mér, á ég að fara að láta hann lesa, það voru svo óraunhæfar kröfur sem voru settar á barnið.

Anna lýsir svipuðu ástandi sem einkenndist af erfiðum árekstrum og álagi á heimilið. Drengurinn var miður sín yfir heimanáminu og móðirin reynir að kaupa hann til að milda ástandið og fá hann til að læra heima. Hún segist hafa verið farin að múta honum. Hún sagði það hafa endað:

... með að ég var farin að múta honum með nammi, eitt nammi fyrir hvert dæmi þá bara brrrrrb og hann kláraði dæmin á mettíma, og svo mútaði ég honum með því að gefa honum hundraðkall fyrir að klára þetta, en þetta eru náttúrulega bara mútur, þó að þetta sé kallað umbun í dag.

Foreldraráðgjafinn sagði að foreldrar sætu gjarnan uppi með flókin verkefni í heimanámi barnanna, sem þau hafi aldrei kynnst áður og hafi því ekki forsendur til að hjálpa þeim. Það valdi þeim áhyggjum og sektarkennd. Hún sagði:

Það væri gott ef hann væri með svona dagatal og allt svona sjónrænt, já, og svo myndræna stundatöflu, hvernig eiga svo foreldrarnir sem eiga þessa krakka að vera bara með þetta allt í genunum. Og svo er þetta lagt fram eins og þetta sé eitthvað sem allir eiga að kunna og er ekkert mál, auðvitað samþykkir foreldrið að gera allt þetta.

Mæðurnar töldu að samband skólans við þær hafi einkennt af togstreitu sem átti sér upptök í þjónustu eða þjónustuleysi. Eiginlegt samstarf hafi verið af skornum skammti og viðhorf þeirra og þekking á þörfum drengjanna höfð að engu. Margir foreldrar barna með ADHD hafa lýst reynslu sinni af skólakerfinu á þá lund að þeir upplifi skömm og niðurlægingu. Á fundum séu þeir misskildir og komið fram við þá eins og börn. Foreldrar neyðist til að láta slíkt yfir sig ganga svo að þeir geti verið málsvarar barnsins og varið það fyrir höfnun og gagnrýni (Auðbjörg Jónsdóttir og Gunnþóra Hafsteinsdóttir, 2010). Anna sagði að fyrsta veturinn hefði ekki verið boðið upp á fundi með þeim foreldrunum ef undan eru skildir hefðbundnir foreldrafundir sem eru tvisvar til þrisvar á ári. Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að það skorti verulega á að samstarf grunnskóla og foreldra sé fullnægjandi og hefur hingað til almennt verið á forsendum skólans. Skólinn hefur sett leikreglurnar fyrir samstarfið, skilgreint vandann og í ljósi faglegrar þekkingar ákveðið hvernig tekist skuli á við hann (Menntasvið Reykjavíkurborgar, 2010).

Elín lýsti því svo að foreldrafundir hefðu einkennt af gagnkvæmum fjandskap og ásökunum sem ekki leiddu til lausna. Hún sagði:

Sko fyrstu fundirnir með kennaranum voru sko hræðilegir, það voru rifrildi ég kenndi kennaranum um eins og við viljum gjarnan gera og þeir kannski á móti okkur foreldrunum. Þetta voru bara ásakanir á báða bóga og úr því varð engin lausn, þetta var bara fjandskapur gagnkvæmur.

Foreldraráðgjafinn telur að foreldrar óttist að neikvæð orð í garð skólans komi illa niður á börnunum. Hún segir það furðu sæta að þrátt fyrir heimild í grunnskólalögum um rétt foreldra til samstarfs við skóla um börn sín og gildi foreldra í samstarfi, að einu fundirnir sem foreldrar ættu nokkuð vísa væru foreldraviðtöl tvisvar til þrisvar á ári sem væru orðin hefð í skólakerfinu. Fjöldi rannsókna benda til þess að ástæðan fyrir áhuga foreldra fyrir námi barna sinna í tengslum við skóla þeirra sé sú að þeir telji að þátttakan og áhugi fyrir skólastarfi hafi áhrif á það hvernig börnum þeirra vegni í skólanum. Þeir leggja þess vegna áherslu á að fylgjast með námsframvindu og vilja hafa áhrif á vinnubrögð skólans. Þeir þurfa einnig að fá vitneskju um hvaða forsendur liggja að baki mati á framistöðu barnanna, enda vita þeir að ekki er hægt að leggja heildarmat á árangur nema lagt sé mat á tilfinningalega og félagslega stöðu þeirra jafnframt námsárangri. Það er mikilvægt að skólar geri sér grein fyrir væntingum foreldra og komi til móts við þá. Foreldrar eru ótvírætt sérfræðingar í mörgum mikilvægum þáttum barnanna sem ber að nýta (Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Mel West, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigurþórsson, 1999).

Þegar drengirnir fengu sérfræðiþjónustu á BUGL og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins voru sett upp teymi og fundirnir fengu annað yfirbragð. Báðar mæðurnar fundu fyrir öðru og betra viðmóti frá kennurum skólans. Sérfræðingar studdu þær og Anna sagði að sérfræðingar Greiningarstöðvar hefðu stöðvað kröfur skólans um að hún tæki drenginn heim þegar skólinn réði ekki við hlutverk sitt. En þá var drengurinn aðeins þrjá tíma á dag í skólanum.

Anna sagði að á milli teymisfunda með kennurum skólans án sérfræðinga hafi hún mætt allt annarri framkomu kennara, sem gerðu lítið úr henni og hún hafði þá á tilfinningunni að ekki væri hlustað á sig. Af þessum fundum sagðist hún oft hafa farið grátandi heim. Það getur verið gagnlegt að stofna til lausnarteymis vegna einstakra nemenda þegar erfitt reynist fyrir foreldra og umsjónarkennara að komast að samkomulagi um hvað barninu sé fyrir bestu (Nanna Kristín Christiansen, 2010).

Anna sagði einnig að ráðleggingar, sem hún hafði reynt að koma á framfæri á milli teymisfunda og kennarar hefðu fundið léttvægar, hefðu þeir síðar tekið þakklátir við frá sérfræðingum á teymisfundunum. Fræðimenn hafa bent á að menning og vald sé samþætt skólanum, samskipti kennara og foreldra skólabarna snúist að stórum hluta um völd, sem skýrast komi fram á samráðsfundum. Þar upplifi báðir aðilar sterkar tilfinningar sem ýmist eru jákvæðar eða neikvæðar. Tilfinningin fyrir því að ná völdum eða tapa þeim hefur áhrif á það hvernig kennaranum líður í þessum samskiptum (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Anna taldi sig oft hafa rekið sig á lélegt upplýsingaflæði milli starfsmanna skólans, frá kennurum til skólastjóra og frá kennurum til sín. Þegar hún gerði kröfu um að þeim framkvæmdum, sem ákveðnar hefðu verið á fundunum, yrði hrint í framkvæmd komu margir af fjöllum. Þverfagleg teymisvinna allra sem að máli barnsins koma skilar auknum árangri og þjónustan verður skilvirkari. Reglulegt samráð við foreldra er mikilvægt og að þeir sem sitja fundina skili fundagerðum til allra sem um barnið fjalla til að tryggja eftirfylgni fyrir foreldra og fagfólk (ADHD samtökin, 2010).

Anna sagði:

Það var engin samvinna á milli teymisfunda, ég sagði eitthvað og það var bara, já, já, frábært, já, gerum þetta, og svo þegar ég hringdi og spurði hvort það væri byrjað á þessari vinnu þá, t.d. ef ég talaði við skólastjórann, þá kom hann af fjöllum. En svo var alveg hægt að dæma strákinn minn.

Foreldraráðgjafinn sagði að það væri mikilvægt að ekki myndaðist valdaójafnvægi milli foreldra og starfsmanna skóla á foreldrafundum. Einnig að foreldrar mættu ekki einir á fundina. Hann sagðist iðulega fara með foreldrum á foreldrafundi í skólum til að styrkja valdajafnvægið og sýna sjónarmiðum foreldra stuðning. Best væri að fundir færu fram utan heimavallar þeirra sem sitja fundina. Í skýrslu starfshóps á vegum menntasviðs Reykjavíkurborgar (2010) þar sem sérstök áhersla var lögð á samstarf skóla og foreldra kom fram að þrátt fyrir viðleitni margra skóla Reykjavíkurborgar til að halda uppi góðu foreldrasamstarfi þá sýni bæði íslenskar og erlendar rannsóknir að það skorti á að samstarfið sé fullnægjandi og að verulega þurfi að auka vægi foreldranna í samstarfinu sem hingað til hafi einhliða byggst á forsendum skólans.

Elín sagði að eftir að drengurinn hennar fór á BUGL hafi fagleg kennsla grundvallast á teymisfundunum, þar sem auk hennar sátu sérfræðingar frá BUGL og kennarar

skólans. Hún var fullviss um að það faglega starf sem hófst með syni hennar eftir veru hans á BUGL hafi staðið og fallið með þekkingu teymisins og markvissri stýringu þaðan. Hún sagði að í upphafi hafi teymisfundir verið haldnir vikulega. Elín sagði:

... eftir að hann kemur þarna út þá heldur teymið áfram í skólanum. Þetta teymi verður til þess að við sitjum þarna bara átta fullorðnar manneskjur og við erum komin til þess að finna lausnir, við erum ekki komin til að kenna hvort öðru um.

Hún hélt áfram:

Sko, kerfið sem hann er í dag er fullkomið, það eru einu sinni í viku teymisfundir, þá erum við foreldramir, kennari, sérkennari, námsráðgjafi, stuðningsfulltrúi, og það er farið bara nákvæmlega í hvað ræður hann við.

Elín lítur um öxl, hugurinn hvarflar til upphafs skólagöngu drengsins, sem hafði valdið þeim mæðginum miklum erfiðleikum og hún veltir fyrir sér hverju hefði verið hægt að hlífa þeim við, ef sú þekking sem drengurinn nýtur í dag hefði verið fyrir hendi áður. Hún sagði:

Ef ég yfirfæri þetta svo yfir á leikskólann þá hefði þurft að vera svona teymi og einhver í teyminu er sérfræðingur og foreldrar, kennarar, og það er mikilvægt að allir séu jafningjar.

#### **4.5 Sérdeild**

Í upphafi annars bekkjar, eftir átök og árekstra í grunnskólanum, fór sonur Elínar á Barna- og unglingsdeild Landspítala (BUGL) og dvaldi þar í átta vikur. Elín sagði að mikið hafi borið á andfélagslegri hegðun hjá honum þá um haustið. Hún sagði:

Hann missir þarna vini, hann missir sjálfstraust og hegðun hans verður mjög andfélagsleg og í framhaldi af því er hann sendur inn á Barna og unglingsdeild og er þar í átta vikur í byrjun 2. bekkjar. Þar kynntist maður vinnubrögðum sem maður hafði aldrei séð fyrr.

Á BUGL hlaut hann skólagöngu sem bauð upp á aðrar lausnir og reglur. Verkefnum fækkar, takmörkuð kennsla í hefðbundnum greinum en áhersla lögð á verklegar greinar sem hann blómstrar í og hann öðlast sjálfstraust. Mikilvægt er að þeir sem koma að vinnu með barninu hafi tök á að greina styrkleikabætti og áhugasvið þeirra og vinna út frá þeim. Gott er að þeir séu frjóir í starfi sínu, sjái möguleika út fyrir

almenna námskrá grunnskólans og einblíni ekki á barnið í skólastofunni heldur hafi heildræna sýn á möguleika þess og líðan (Armstrong, 2001).

Allir foreldrar eru þakklátir þegar kennarar láta í ljós umhyggju og koma auga á kosti barnsins þeirra. Ef barnið stendur sig vel taka þeir því sem persónulegu hrósi á sama hátt og þeir upplifa hið gagnstæða sem gagnrýni á sig (Nanna Kristín Christiansen, 2010). Elín lýsir vinnubrögðum og viðmóti starfsmanna á BUGL líkt og opnast hafi fyrir henni nýr heimur. Sérstaklega lýsir hún hlýju og virðingu gagnvart drengnum og þeim foreldrunum. Elín sagði:

Það á bara að vera fyrsta atriði á dagskrá hjá öllum börnum að barni verður að líða vel, annars eykst neikvæða hlið barnsins og eins og hjá honum og inn á BUGLi heyrði ég allt í einu í fyrsta skipti, ooohh, dásamlegi drengurinn þinn.

Á BUGL segist Elín í fyrsta skipti hafa kynnst viðhorfi sem beinist að umhverfinu sem þarf að vinna með. Fötlunarfræðin fjallar um mismunandi sjónarhorn á fötlun. Samkvæmt norræna tengslaskilningnum er fötlun misræmi milli umhverfis og einstaklings sem meðal annars getur skapast af því að einstaklingurinn fellur ekki að fyrirfram gefnu gildismati og viðmiði. Aðstæður geta haft áhrif á það hvort tiltekin skerðing leiði til fötlunar eða ekki. Skerðingin er því ekki alltaf sú sama, heldur bundin aðstæðum hverju sinni (Rannveig Traustadóttir, 2006).

Vera drengsins á BUGL markar nýtt tímabil á skólagöngu hans. Áður en hann útskrifast er stofnað teymi sem samanstendur af sérfræðingum, foreldrum og kennurum úr grunnskóla hans, sem síðan fylgir honum eftir inn í skólann. Í framhaldi er honum fundið skólaúrræði í sérdeild í almennum grunnskóla. Drengurinn unir hag sínum vel og sýnir góðan námsárangur og hann fer að tileinka sér nám sem hann hafði ekki treyst sér í áður. Elín segir að starfsfólkið sé gott og búi yfir viðeigandi þekkingu.

Þetta er sko alveg bylting, honum fór að líða vel í skólanum, einkunnir ruku upp úr öllu valdi og hann er farinn að standa sig rosalega vel í skólanum, hann er farinn að sækja tíma sem hann sótti ekki áður.

Elín sagði að sérdeildin þjóni nemendum víðsvegar úr sveitarfélaginu sem eiga öll við svipaðan vanda að stríða. Hún var ekki fullkomlega sátt við það fyrirkomulag, en á móti kom að á sérdeildinni starfaði góður hópur faghóps. Í niðurstöðum margra

fræðimanna koma fram grundvallarmótsagnir á milli ólíkra gilda, svo sem mótsögn milli einstaklingsmarkmiða og þátttöku í almennri kennslu, einnig aðgengi að almennu námsefni annarsvegar og árangursríkri kennslu hinsvegar. Þróun skólastarfs frá því á liðinni öld er viðleitni í þá átt að svara þessum mótsögnum og lögð er áhersla á að mæta ólíkum þörfum nemenda. Sérdeildirnar voru hluti af þessari þróun og þrátt fyrir félagslega aðgreiningu og stimplun leið nemendum betur í þeim en í almennum bekkjum þar sem ekki var komið til móts við þarfir þeirra (Sigríður Einarsdóttir, 2003).

Anna sagði að í 1. bekk hefði sonur hennar aðeins verið greindur með ADHD og mótþróaþrjóscuröskun, sem hún telur að hafi ekki verið nægilegar forsendur fyrir skilningi og rétti hans á aukinni þjónustu. Í upphafi 2. bekkjar er Önnu nóg boðið og hún beitir sér af ákveðni við skólastjóra og krefst leiðréttingar fyrir drenginn. Hann hafði ekki fengið neina aukþjónustu og er einnig kominn með skerta stundatöflu. Anna dregur upp lýsingu af drengnum berfættum á miðjum skólatíma á vinnustaðnum hennar.

Svo í lok skólaársins fékk ég nóg, þegar hann kom berfættur niður í vinnu til mín, þá hljóp hann bara á tánum niður í vinnu og ég dró hann þannig inn til skólastjórans og sagði hingað og ekki lengra, nú verðið þið að gera eitthvað í málunum, hann verður að fá aðstoð.

Í 3. bekk bendir sálfræðingur skólans móðurinni á að fara fram á að sækja um endurgreiningu fyrir drenginn á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hann sendir tilvísun þar um. Niðurstöður greiningar sýna að drengurinn er með ADHD og ódæmigerða einhverfu sem ítrekar sértæka námsþjónustu. Heimaskólinn treystir sér ekki til að fullnægja þeirri þörf og bendir móðurinni á að finna honum námsúræði í öðrum skóla eða í sérdeild. Samkvæmt 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 ber skólanum að koma til móts við námsþarfir nemenda án aðgreiningar. Sama grein kveður þó jafnframt á um að foreldri geti sótt um sérúrræði fyrir nemendann ef skólastjórnendur, kennarar eða aðrir sérfræðingar telja að nemandinn fái ekki kennslu við hæfi í skólanum. Í rannsókn sem gerð var fyrir tilstuðlan Landsamtakanna Þroskahjálpar kom fram að ennþá komi einstaka skólastjórnendur í veg fyrir að nemendur með þroskahömlun geti stundað nám í almennum skólum (Gretar L. Marinósson, 2007).

Skólaskrifstofa beinir Önnu að sérdeild í grunnskóla sveitarfélagsins, sem er að hennar mati ekki fýsilegur kostur, en hún lét undan þrýstingi. Hún þurfti að taka mjög skjóta ákvörðun til að fjármagnið sem fylgdi greiningunni skilaði sér í tíma með drengnum í skólann.

Á skilafundi gamla skólans til sérdeildar er sérdeildin upplýst um drenginn, námsfærni hans og kennsluáferðir, móðurinni er ekki ætlað að sitja fundinn og hún fær þau skilboð frá deildinni að það sé ekki óskað eftir upplýsingum frá henni þar sem starfsmenn deildarinnar vildu kynnast drengnum fyrst sjálfir. Það er mikilvægt að foreldrar hafi greiðan aðgang að skólastarfinu annars vegar vegna þess að þeir búa yfir upplýsingum sem skólinn getur ekki nálgast nema í gegnum þá og hins vegar vegna þess að það styrkir upplifun foreldra í því að leggja börnum sínum lið innan skólakerfisins (Ragna Freyja Karlsdóttir, 2001). Móðirin segist einnig ekki hafa fengið neinar upplýsingar frá þeim, heldur hafi drengurinn hennar upplýst hana hvernig væri verið að vinna með honum.

Í sérdeildinni tekur ekki betra við að sögn Önnu. Starfsáferðir deildarinnar skila ekki árangri, hann er ósáttur við kennarana, á í útistöðum í frímínútum og mótþróinn snýst upp í meiri hörku en áður. Honum er refsað með því að víkja honum úr sérdeild skólans í einn dag. Sálfræðingur drengsins sem hafði komið að hans málum frá því að hann var í leikskóla mótmælir vinnubrögðum deildarinnar. Anna sagði:

Þetta var fínt fyrstu tvær vikurnar, svo þarna, og svo skelfilegt fram að áramótum þetta var bara ferlegt, konurnar virkuðu ekki á hann.

Anna sagði að í upphafi hafi sérdeildin fengið upplýsingar frá fyrri skóla um að hann réði ekki við að vera án aðstoðar í frímínútum. Hún segir að sú aðstoð hafi brugðist og hann lendir í alvarlegum árekstrum á útisvæðinu og sýnir hegðun sem hún kannast ekki við að hafi verið í fari hans áður. Í umsögn ADHD samtakanna við frumvarp til laga um grunnskóla 2008 benda þau á að grunnskólinn þurfi sérstaklega að huga að nemendum í frímínútum og í öðrum frístundum þar sem einkum er hætta á árekstrum (Reykjavík, 2008).

Fram að áramótum hringdu starfsmenn sérdeildar linnulaust í Önnu og hún neyddist til að hætta að vinna. Hún sótti um umönnunarbætur og bað starfsmenn sérdeildarinnar um að styrkja umsóknina með umsögn um drenginn. Anna sagði:



... ég fékk, nema sem móðir, þá hef ég bara tilfinningar, ég fékk A4 blöð, þrjú úr mentor og það var ekki eitt jákvætt í þessum bréfum, ekki eitt, það var allt ógeðslega. Þetta var bara skelfilegt.

Í framhaldi tók Anna þá ákvörðun að sækja um nám fyrir drenginn í öðrum skóla fyrir næsta skólaár.

... og ég sagði bara, ef þetta er álit þessara kvenna um barnið mitt, þá kemur hann ekki meir í þennan skóla.

#### **4.6. Staðan í dag**

Í dag eru drengirnir báðir í 5. bekk, komnir upp á miðstig grunnskóla og eru í almennri bekkjardeild, báðir með fullan stuðning. Drengurinn hennar Önnu er ennþá með skerta stundatöflu, er aðeins þrjá tíma á dag í skólanum. Hún segist vera sátt við það á meðan friður haldist, en hún vilji lengja viðveru hans með tímanum. Anna leggur áherslu á að í skólanum sé einstaklingsmiðað nám sem henti hans þörfum. Skólinn sé fjölmennur og taki mið af fjölbreytileika nemenda. Elín segist vera sátt við þá þjónustu sem drengurinn hennar fær í umsjónarbekknum og þá starfsmenn sem að vinna með honum, sér í lagi að þeir sýni sérkennum drengsins og þörfum hans skilning. Hún sagði að umsjónarkennari hans sé ung kona sem væri næm á líðan hans og óhrædd við að leyfa honum að fara sínar eigin leiðir. Þegar drengurinn finnur hjá sér þörf til að leita í einveru og yfirgefur stofuna, þá veit hún að hann fer í öruggt skjól og hún samþykkir þörf hans og vekur ekki athygli annarra á athöfnum hans. Elín G. Ólafsdóttir (2004) leggur áherslu á að mikilvægt sé skilja að sérhver nemandi er einstakur, með sínar persónulegu þarfir og sérkenni sem kallar á einstaklingsbundna kennslutilhögun, ef skólinn á að geta mætt fjölskrúðugum hópi nemenda.

Foreldraráðgjafi sagði það vera mismunandi hversu vel kennarar geri sér grein fyrir hvílíkir örlagavaldar þeir eru í lífi barna til framtíðar litið. Hún sagði að kennari sem er næmur á líðan barna geti skipt sköpum, að fólk sem hafi átt erfitt uppdráttar í skóla segist jafnan muna eftir þeim kennurum sem voru næmir á líðan þeirra

Anna og Elín lýstu báðar ánægju með þá stuðningsþjónustu sem drengirnir fengju í skólanum. Báðir stuðningsaðilarnir eru karlmenn rétt um tvítugt, hvorugir með sérstaka fagmenntun til að vinna í skólakerfinu. Það kom einmitt fram í rannsókn sem gerð var á vegum Landsamtakanna Þroskahjálpar að þeir starfsmenn sem verja

mestum tíma í grunnskólanum með nemendum með þroskahömlun eru ófagmenntaðir (Gretar L. Marinósson, 2007). Elín ítrekar að sá stuðningur sem drengurinn hennar fái henti honum vel. Elín orðaði það svo að ungi stuðningsaðilinn væri sjálfur með ADHD og ætti auðvelt með að setja sig í spor drengsins. Hann tekur þetta bara á reynslunni, sagði hún. Hann væri næmur á líðan drengsins, skildi þegar að hann þyrfti útrás fyrir hreyfipörf og veldi þá með honum viðfangsefni við hans hæfi. Þetta sagði Elín að væri nýtt viðhorf sem henni líkaði vel.

Anna sagði að í vinnu með drengnum legði stuðningsfulltrúinn sérstaka áherslu á félagsleg samskipti og að fara eftir reglum. Hún talaði um hvað það væri mikilvægt að skólinn áttaði sig á því að hegðun drengsins væri sprottin af einkennum skerðingar og að það væri ósanngjarnt að láta hann gjalda þess. Það eru minni námskröfur gerðar til nemenda með þroskahömlun en ófatlaðra nemenda, en hinsvegar eru kröfur um hegðun þær sömu (Gretar L. Marinósson, 2007).

Í lok viðtalanna tjáðu mæðurnar sig um hvernig þeim liði með stöðu drengjanna og þeirra sjálfra í dag. Anna sagðist vera nokkuð ánægð með þjónustuna sem drengurinn fær núna í skólanum svo og samstarf við skólann miðað við það sem á undan gekk. Hún sagðist gera sér grein fyrir því að baráttan væri ekki á enda og að hún mundi ótraud halda henni áfram. Hún sagði:

... ég hef það mottó að ég ætla ekki að gefast upp á honum, ef ég berst ekki fyrir hann þá gerir það enginn. Það er það sem fleytir mér áfram, ég skal og ég ætla.

Rannsóknir hafa bent til þess að foreldrar þurfi að berjast fyrir rétti barna sinna og að það sé tilviljunum háð hvort nemendur með fötlun fái viðeigandi úrlausnir í skólanum (Grétar L. Marinósson, 2007). Foreldraráðgjafi sagði það vera oft undir foreldrum komið hvaða þjónustu börnin fá og að foreldrarnir þurfi að vera á verði.

Elín sagði að sú þjónusta sem hún teldi gagnast syni sínum best og fjölskyldu hans, væri án efa að halda áfram með það teymi sem er í kringum hann í dag. Þverfagleg teymisvinna allra sem að máli barnsins koma skilar auknum árangri og þjónustan verður skilvirkari. Reglulegt samráð við foreldra er mikilvægt og samráðsfundir þurfa að skila fundargerðum til allra sem um barnið fjalla til að tryggja eftirfylgni fyrir foreldra og fagfólk (ADHD Samtökin, 2010). Hún sagði að teymið byggðist á því að þar væri enginn dómari og enginn alvitur. Samvinna skóla og foreldra sem ekki

einkenndist af forræðishyggju, heldur samvinnu á jafnréttisgrundvelli í leit af lausnum. Elín bætti við:

... héldu áfram að vinna saman að lausnum, lausnum sem enginn veit endilega fyrirfram hverjar verða. Til þess verða allir aðilar að ræða saman.

Í rannsókninni „Líf fatlaðra barna og ungmenna“ er stuðst við fötlunarfræði. Hún hafnar einhliða læknisfræðilega skilningnum á því viðhorfi að fötlun sé persónubundin. Athyglinni er beint að umhverfinu og félagslegum þáttum þess, hindrunum og fordómum sem valda börnum og ungmennum erfiðleikum og jafnvel útskúfun (Rannveig Traustadóttir, 2007). Elín talar á svipuðum nótum og bendir á að börn með sömu greiningu væru eftir sem áður mismunandi einstaklingar og grundvallaratriði að hafa það í huga þegar þjónustan er útfærð. Einnig að það sem henti nemandanum á líðandi stund sé ekki endanleg lausn til frambúðar. Hún sagði:

Núna í desember 2010 er drengurinn minn í nokkuð góðu jafnvægi. Því er sú þjónusta sem hann fær núna fullnægjandi, þ.e. teymið hans hittist mánaðarlega og fer yfir stöðuna. Hann fær stuðning inni í bekk en er einnig með fulla stundatöflu. Þetta nægir okkur í dag.

#### **4.7 Samantekt**

Það sem helst vekur athygli í frásögnum mæðranna er glundroðinn sem virðist vera ríkjandi í málum drengjanna. Strax á leikskólaaldri var talin ástæða til að greina sérstaklega hegðun og athafnir þeirra. Leikskólinn og aðrir sem að drengjunum komu skorti þó þekkingu til að vinna út frá greiningunni. Það kemur fram hjá mæðrunum að þrátt fyrir vandræðaganginn, þá er þeim hlýtt til leikskólans, þær fundu fyrir velvild starfsmanna og vilja til að verða drengjunum að liði. Elín hafði litla trú á greiningunni sem hún skilgreindi sem staðlað gagnslaust form og einskonar sjálfsafgreiðslu. Þrátt fyrir það bundu báðar mæðurnar vonir við að greiningin myndi skila árangri í betri þjónustu grunnskólans. Það gekk þó ekki eftir og greiningargögn og upplýsingar frá starfsmönnum leikskólans glötuðust við upphaf grunnskólagöngu. Kennarar virtust óviðbúnir því að drengirnir féllu ekki að hefðbundnum nemendahópi og gerðu ekki ráð fyrir neinum sértækum kennsluháttum. Reglur skólans og námskröfur urðu drengjunum ofviða. Þeir komust fljótlega upp á kant við skólaumhverfið, aðra nemendur og starfsmenn skólans. Viðvera þeirra í skólanum var skert og mæðurnar

ítrekað beðnar um að sækja þá í skólann á skólatíma, sem varð til þess að þær hættu atvinnuþátttöku. Mæðurnar lögðu áherslu á að þær hefðu reynt að finna samvinnugrundvöll við skólann en á móti urðu þær að una því að ábyrgðinni væri vísað einhliða yfir á þær. Ólíkt reynslu mæðranna af samskiptum við starfsmenn leikskólans upplifðu þær óvild frá starfsmönnum grunnskólans. Samstarf skólans við heimilið virðist hafa verið einhliða ákvarðað af skólans hálfu, heðbundnir viðtalstímar og heimanám. Þegar líða tók á skólagöngu drengjanna keyrði um þverbak, líðan þeirra hrakaði mikið og það birtist í kvíða, svefnleysi og ofsareiði. Drengjunum var vísað í athugun hjá sérfræðingum, öðrum á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala og hinum á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Báðir voru þeir aftur greindir með ADHD og annar auk þess með ódæmigerða einhverfu. Mæðurnar lýstu ánægju með þjónustu sérfræðinganna á þessum stofnunum og í fyrsta skipti frá því að drengirnir hófu skólagöngu sögðust þær hafa fundið fyrir stuðningi fagfólks. Eftir þetta sóttu báðir drengirnir nám í sérdeildum í almennum grunnskólum. Báðar mæðurnar voru hikandi gagnvart sérdeildinni. Í öðru tilvikinu lánaðist að koma á fót markvissri teymisvinnu kennara, sérfræðinga og heimilis og móðirin öðlaðist fulla hlutdeild í framvindu námsins. Hún sagði að í teyminu færi fram lausnamiðað starf sem skilaði sér í bættri þjónustu við drenginn. Það gekk ekki eins vel hjá drengnum hennar Önnu. Samvinnu við hana var beinlínis hafnað, drengurinn var engu bættari með þjónustu og hún ákvað að finna honum annan skóla sem reyndist bjóða upp á einstaklingsmiðað nám. Í dag eru báðir drengirnir á miðskólastigi í almennum bekkjardeildum og í sínum heimaskólum. Báðir njóta þeir þjónustu stuðningsfulltrúa sem ekki eru menntaðir til starfsins en ná vel til drengjanna og eru góðir við þá. Báðar mæðurnar eru tiltölulega sáttar þrátt fyrir að drengurinn hennar Önnu sé enn með skerta stundatöflu í skólanum. Það virðist skipta þær mestu máli að það ríki sátt um drengina og að þeim líði vel í skólanum.

## **5 Lokaorð og lærdómar**

Vert er að endurtaka það sem áður hefur komið fram að rannsóknin byggist á viðtölum við tvær mæður drengja með ADHD á sama aldri og einn foreldraráðgjafa sem þekkir vel til málefna barna sem rekast ekki vel í skólakerfinu. Engin viðtöl voru tekin við starfsmenn skólanna eða skólastjórnendur, svo að í rannsókninni koma sjónarmið þeirra ekki fram. Það sem fyrir mér vakti með rannsókninni var að afla

þekkingar frá fyrstu hendi, frá mæðrunum, og fá svör frá þeim sem gætu varpað ljósi á það hvernig skólakerfið bregst við börnum með ADHD og hvernig samvinnu er háttað milli foreldra þeirra og skólakerfisins. Með opnum viðtölum við þær gat ég fangað betur líðan þeirra og samtölin voru óþvinguð og einlæg. Svör foreldraráðgjafans voru í flestum tilvikum samsvarandi.

Ég tel að rötin að vanda drengjanna liggi í skólamenningu sem gengur út frá staðalímynd grunnskólanemenda, sem drengirnir falla ekki að. Einfaldaður félagslegur menningarheimur, aðstæður, námsefni og aðferðir sem miðast við dæmigerða nemendahópinn, eru hindranir sem koma í veg fyrir að eiginleikar drengjanna fái að blómstra. Svo virðist sem ekki einu sinni sýnileg vanlíðan þeirra og túlkun mæðranna á óhamingju þeirra fái rofið þá múra sem skilja þá frá skólasamfélaginu. Skólakerfið virðist styðjast við læknisfræðilega líkanið og horfa fyrst og fremst á skerðingar drengjanna. Það kallar eftir greiningu á skerðingunni í því augnamiði að laga skerðinguna og sveigja drengina að óbreyttri menningu og starfsháttum skólasamfélagsins. Það er eftirtektarvert að krafist var greiningar á skerðingu þeirra strax í leikskóla, greiningar sem enginn kunni að vinna úr og virtist því hafa verið tilgangslaus gjörningur. Frásögn mæðranna af þeirri ráðstöfun að finna drengjunum námsúrræði í sérdeild, gæti bent til þess að almennar bekkjardeildir í heimaskóla þeirra hafi ekki ráðið við það lögboðna hlutverk sitt að vera skóli án aðgreiningar.

Áðurnefnd skýrsla starfshóps menntasviðs Reykjavíkurborgar (2008) um sérfræðiþjónustu í skólum, gæti bent til þess að læknisfræðilega líkanið sé á undanhaldi. Í skýrslunni er fjallað um þetta sjónarhorn á fötlun og teflt fram félagslegu sjónarhorni því til mótvægis. Ég tek fram að í heimildarleit minni var umrædd skýrsla eina vísbendingin sem ég gat fundið í skólakerfinu sjálfu á Íslandi sem benti til stefnubreytingar.

Samvinna skólastarfsmanna við mæðurnar var afar slæm þar til sérfræðingar/greiningaraðilar tóku þær undir sinn verndarvæng; þá fyrst var farið að taka mark á þeim. Margir foreldrar barna með ADHD hafa lýst reynslu sinni af skólakerfinu á þá lund að þeir upplifi skömm og niðurlægingu. Á fundum séu þeir misskildir og komið fram við þá eins og börn. Foreldrar neyðist til að láta slíkt yfir sig ganga svo að þeir geti komið fram sem málsvarar barnsins og varið það fyrir höfnun

og gagnrýni (Auðbjörg Jónsdóttir og Gunnþóra Hafsteinsdóttir, 2010). Þannig upplifðu viðmælendur mínir skólakerfið, þær fundu sig niðurlægðar og frumkvæði þeirra að engu haft. Samband skólans við mæðurnar byggðist nánast alfarið á forsendum skólans. Skólastarfsmenn ákváðu að foreldrar sinntu heimanámi drengjanna, vildu ráða hvernig sú vinna færi fram og ráðstöfuðu þannig frítíma fjölskyldunnar. Þegar skólinn stóð ráðþrota gagnvart drengjunum völdu starfsmenn hans þá lausn að senda drengina heim í miðju skólastarfi, jafnvel þó að þeir væru með skerta stundatöflu. Ég velti fyrir mér í þessu samhengi hvernig starfsmenn skólans skilgreina ákvæði grunnskólalaga nr. 91/2008 um skólaskyldu nemenda. Það kom fram hjá mæðrunum að þær vildu heldur hlýða kalli skólans og taka drengina heim en að þeim liði illa í skólanum. Vegna ónæðis frá skólanum sögðust mæðurnar hafa þurft að hætta atvinnuþátttöku.

Þrátt fyrir staðfestingu löggjafans á rétti allra skólabarna til að sækja almenna heimaskólann sinn og ákvæði um samvinnu við heimili skólabarna svo og Salamanca-yfirlýsinguna frá árinu 1994, sem segir að „menntun barna sé sameiginlegt viðfangsefni foreldra og fagstétta“, þá virðist sem þessu sé ekki fylgt eftir. Eftir þá vinnu sem ég hef lagt í þessa ritgerð finnst mér það skólastarf sem unnið er með íslenskum börnum einkennast af ráðaleysi og einsýni á manneskjuna. Þessi einföldun leiði til starfshátta sem ganga þvert á lögboðna stefnu í skólamáli, sem er skóli fyrir alla eða skóli án aðgreiningar. Það er engu líkara en að skólinn hafi stöðvast í gamalli tilvist og horft framhjá breyttum kröfum um rétt allra barna til náms á sínum eigin forsendum, og horfi jafnfram framhjá þjóðfélagslegum breytingum sem m.a. höfðu áhrif á atvinnuþátttöku mæðra og gildi lýðræðislegrar samvinnu. Það er því erfitt að hugsa sér einhverjar úrbætur sem ekki kalla endurskoðun skólakerfisins og grundvallarbreytingar á viðhorfum. Það vekur þó helst bjartsýni að við eigum fræðimenn sem gætu með tímanum haft áhrif á mannvænlegra og réttlátara skólasamfélag barna.

## Heimildaskrá

- ADHD samtökin.* (e.d.). Sótt 30. nóvember 2010 á [http://www.adhd.is/Default.asp?Sid\\_Id=42777&tId=99&Tre\\_Rod=&qsr](http://www.adhd.is/Default.asp?Sid_Id=42777&tId=99&Tre_Rod=&qsr)
- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti.* (2006). Menntamálaráðuneytið, Reykjavík. Sótt 1. desember 2010 á <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingefni/namskrar//nr/3953>
- Anna Björk Sverrisdóttir. (2010). *Hvað getur skólinn gert meira: Lífssögurannsókn með ungu fólki sem hefur átt erfitt uppdráttar í grunnskóla.* Óútgefin meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands.
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofnunni.* Erla Kristjánsdóttir þýddi. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Auðbjörg Jónsdóttir og Gunnþóra Hafsteinsdóttir. (2010). *ADHD-einkenni og skólastarfið.* Óbirt B.Ed.-ritgerð: Háskóli Íslands. Menntavísindasvið.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2007). *Barnasálfræði frá fæðingu til unglingsára.* (3. útg.). Reykjavík: Edda útgáfa.
- Ásdís Ebba Eðvarðsdóttir. (2011). *Reynsla mæðra fjögurra drengja með AD(H)D af upphafi skólagöngu þeirra og samstarfi við skólann.* Óútgefin meistaraþrófsritgerð, Háskóli Íslands.
- Bryman, A. og Bell, E. (2007). *Business research methods.* New York : Oxford University Press.
- Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Mel West, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Rúnar Sigurþórsson. (1999). *Aukin gæði náms: Skólaþróun í þágu nemenda.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Dóra S. Bjarnason og Gretar L. Marinósson. (2007). Kenningarleg sýn. Í Gretar L. Marinósson (ritstj.), *Tálmar og tækifæri: Menntun nemenda með þroskahömlun á Íslandi.* Reykjavík : Háskólaútgáfan.
- Elín G. Ólafsdóttir. (2004). *Nemandi í nærmynd: Skapandi nám í fjölbreyttu umhverfi.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ferguson, D.L. (2006). International trends in inclusive education: The continuing challenge to teach each one and everyone. *European Journal of Special Needs Education, 23,* 109-120.
- Gísli Baldursson, Páll Magnússon , H. Magnús Haraldsson og Matthías Halldórsson. (2007). *Vinnulag við greiningu og meðferð athyglisbrests með ofvirkni (ADHD).* Landlæknisembættið. Sótt 11. febrúar 2010 á <http://landlaeknir.is/pages/1231>
- Gretar L. Marinósson, Ingibjörg H. Harðardóttir og Ingibjörg Kaldalóns. (2007). Niðurstöður úr spurningalistakönnunum: Almennir grunnskólar. Í Gretar L. Marinósson (ritstj.), *Tálmar og tækifæri.* Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Hafþór Guðjónsson. (2005, 16. júní). (*Einstaklingsmiðað*) nám. Netla. Sótt 11. febrúar 2011 á <http://netla.khi.is/greinar/2005/009/index.htm>
- Hechtman, L. (1996). Families of children with attention deficit hyperactivity disorder: A review. *Canadian Journal of Psychiatry*, 41(6), 350–360.
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns. (2006). *Gullkista við enda regnbogans: Rannsóknir á hegðunarvanda í grunnskólum Reykjavíkur skólaárið 2005–2006*. Rannsóknarstofa Kennaraháskóla Íslands.
- Jónína Sæmundsdóttir. (2003). Líðan foreldra ofvirkra barna og reynsla þeirra af skólanum. *Uppeldi og menntun*, 12, 119–138.
- Kauffman, J.M. (2001). *Characteristics of emotional and behavioral disorders of children and youth*. Ohio: Merrill Prentice Hall.
- Landlæknisembættið. (2007). *Vinnulag eða óþekkt*. Sótt 3. desember 2010 á <http://www.landlaeknir.is/Pages/515>
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008*.
- Margrét Margeirsdóttir. (2004). *Fötlun og samfélag* (2. útg.). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Matthías Halldórsson. (2008). *Óþekkt eða ADHD*. Sótt 10. desember 2010 á <http://www.landlaeknir.is/Pages/515>. (Birtist upphaflega í Morgunblaðinu 20. febrúar 2006)
- Matthías Kristiansen og Málfríður Lorange. (1998). *Þroski og hegðunarvandi*. Reykjavík: Una bókaforlag.
- McKinley, L.A. og Stormont, M.A. (2008). Needs and barriers for children with ADHD. *Teaching Exceptional Children*, 41, 14–19.
- Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2010). Samstarf foreldra og skóla. *Tillögur vinnuhóps* Elín Guðfinna Thorarensen, Guðrún Valdimarsdóttir, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Kristín Bjarnardóttir, Kristín Jóhannesdóttir. o.fl. Sótt 22. mars 2011 á <http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-1679/httpstatus-404/>
- Menntasvið Reykjavíkurborgar. (2010). Skýrsla starfshóps um sérfræðipjónustu skóla. Artúr Morthens, Ásgeir Beinteinsson, Björk Jónsdóttir, Hákon Sigursteinsson, Kristín Jóhannesdóttir. o.fl. Sótt 20. mars 2011 á [www.reykjavik.is/Portaldata/1/.../grunnskolar/.../skyrsla-sertjonusta.pdf](http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/.../grunnskolar/.../skyrsla-sertjonusta.pdf)
- Ragna Freyja Karlsdóttir. (2001). *Ofvirknibókin: Fyrir kennara og foreldra*. Kópavogur: Ragna Freyja Karlsdóttir
- Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðisviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.). *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 24–31). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Rannveig Traustadóttir. (2006). Fötlun: Í nýjum fræðaheimi. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 24–32). Reykjavík: Háskólaútgáfan.



Rannveig Traustadóttir. (2007). *Líf fatlaðra barna og ungmenna. Ný rannsókn, ný sjónarhorn*. Sótt 5. apríl. 2011 á [http://www.fotlunarfraedi.hi.is/greinar\\_um\\_fotlunarrannsoknir\\_sem\\_birst\\_hafa\\_i\\_rannsoknum\\_i\\_felagsvisindum](http://www.fotlunarfraedi.hi.is/greinar_um_fotlunarrannsoknir_sem_birst_hafa_i_rannsoknum_i_felagsvisindum)

*Reglugerð um sérkennslu* nr. 585/2010.

Rief, S.F. (2003). *The ADHD book of lists: A practical guide for helping children and teens with attention deficit disorder*. San Francisco: Joss-Bass.

Salamanca-yfirlýsingin. (1994). Sótt 16. mars 2011 á <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/utgefing-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137>

Sigríður Einarsdóttir. (2003). Að vera í sérdeild: Átján fyrrum nemendur lýsa reynslu sinni. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.). *Fötunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 112–130). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Strauss, A.L. (1998). *Basics of qualitative research : Techniques and procedures for developing grounded theory*. Thousand Oaks, CA: Sage Publications.

Hono-Webb, L. (2005). *The gift of ADHD: how to transform your child's problems into strengths*. Oakland: New Harbinger Publications.

Þróunarverkefni um bætt samstarf heimili og skóla. *Uppeldi og menntun*, 16(1).